

## Drög að stefnum frá málefnaþópum

<b>Allsherjar- og menntamálanefnd</b> .....	2
Innflytjendur og fólk á flóttu .....	2
Jöfnuður og félagslegt réttlæti .....	4
Menning og listir .....	6
Menntun fyrir okkur öll .....	7
<b>Atvinnuveganefnd</b> .....	11
Atvinnumál .....	11
Ferðamál .....	12
Neytendamál .....	14
<b>Málefnaþópur um kvenfrelsi og jafnrétti</b> .....	17
Kvenfrelsi og jafnréttismál .....	17
<b>Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd</b> .....	22
Lýðræðislegt samfélag .....	22
<b>Umhverfis- og samgöngunefnd</b> .....	24
Loftslagsvá og náttúra .....	24
Orkumál .....	30
<b>Utanríkismálanefnd</b> .....	34
Alþjóða- og friðarmál .....	34

## Allsherjar- og menntamálanefnd

- hópstjórar Sæmundur Helgason og Maarit Kaipainen

### Innflytjendur og fólk á flóttu

Vintrihreyfingin – grænt framboð telur að fjölbreytileiki sé styrkur hvers samfélags og því á íslenskt samfélag að taka þeim fagnandi sem hingað koma, óháð uppruna þeirra eða þeim forsendum sem dvölin byggir á.

Fólk sem sest að á Íslandi á að hafa sömu tækifæri og aðrir íbúar svo sem til atvinnuöryggis, húsnæðisöryggis og tryggrar heilbrigðisþjónustu. Réttlátt og öflugt samfélag nýtur hæfileika og þekkingar allra óháð uppruna. Þá væri mikill styrkur af aukinni þátttöku innflytjenda í stjórnámum.

Fordómar sem byggja á uppruna og trúarbrögðum verða ekki liðnir á Íslandi, né heldur orðræða og framkoma sem felur í sér hatur og tortryggni gagnvart innflytjendum. Við fögnum þeim áföngum sem nú þegar hafa náðst t.a.m. Móttökustöð flóttafólks og að heildarstefnumótun í málaflokknum sé langt komin farin af stað.

### Opinber þjónusta og upplýsingagjöf

Opinberum aðilum ber að gæta jafnræðis við veitingu grunnþjónustu. Einstaklingar skulu ekki líða fyrir tungumálakunnáttu sína og uppruna í samskiptum við stjórnvöld og stofnanir.

- Öflug upplýsingagjöf um íslenskt samfélag, réttindi, skyldur, félags- og heilbrigðisþjónustu, menntun og menningu, atvinnu og húsnæði eflir fólk til virkrar samfélagsþátttöku, veitir því öryggi, bætir réttindi þess og stöðu í samfélaginu og vinnur gegn einangrun og jaðarsetningu. Stjórnvöld skulu hafa frumkvæði að því að veita innflytjendum nauðsynlegar upplýsingar og tryggja starfsfólki fræðslu svo það geti sinnt hlutverki sínu við að miðla þeim. Mikilvægt er að auðvelt aðgengi sé að upplýsingum, þjónustu og ráðgjöf. Þeim sem ekki skilja íslensku skal standa til boða túlkun svo tryggja megji að þau fái fullnægjandi aðstoð og þjónustu.
- Efla þarf samstarf ríkis og sveitarfélaga enn frekar vegna þjónustu við innflytjendur og fólk á flóttu eins og með samræmdri móttöku flóttafólks. Nauðsynlegt er að sveitarfélög um allt land taki þátt í samræmdri móttöku fólks á flóttu og fái þannig nauðsynlegan stuðning.
- ~~Huga þarf sérstaklega að stöðu kvenna af erlendum uppruna. #Metoo-sögur kvenna af erlendum uppruna sviptu hulunni af því að en~~ þær eru útsettar fyrir kerfisbundinni mismunun og ofbeldi. ~~en þær eru útsettar fyrir kerfisbundinni mismunun og ofbeldi.~~ Vegna þessa skal sérstaklega gætt að réttindum þeirra í allri upplýsingagjöf, stefnumótun og aðgerðum sem og í allri opinberu þjónustu.
- Stórefla þarf rannsóknir og upplýsingasöfnun um líðan og stöðu innflytjenda sem hér setjast að til að geta stutt betur við þarfir þeirra og styðja við stefnumótunarvinnu í málefnum innflytjenda.

### Menntun og atvinna

- 39 • Vinstrihreyfingin – grænt framboð vill að öllum innflytjendum sé tryggð  
40 íslenskukennsla ~~á kostnað atvinnurekenda þeim að kostnaðarlausu~~, á vinnutíma án  
41 launataps. ~~Veita þarf góða íslenskukennslu fyrir innflytjendur, auka fjölbreytni og~~  
42 ~~aðgengi að henni.~~ Mikilvægt er að auka fjölbreytni og aðgengi að slíkri kennslu og  
43 hækka framlög til hennar umtalsvert.
- 44 • Vinnumarkaðurinn og samfélagið í heild þarf að meta að verðleikum þá menntun og  
45 reynslu sem fólk kemur með hingað svo flest geti starfað við sitt fag, sjálfu sér og  
46 samfélaginu öllu til góða. Jafnframt er mikilvægt að tryggja að innflytjendur hafi sömu  
47 tækifæri til að bæta við sig menntun og aðrir.
- 48 • ~~Börn og ungmenni sem ekki eiga íslensku að móðurmáli.~~ Öll börn innflytjenda eiga að  
49 geta staðið jafnfætis jafnöldrum sínum í námi og þarf ráðuneyti menntamála í  
50 samvinnu við sveitarfélögin að stórauka þjónustu, stuðning og námsframboð fyrir  
51 þennan hóp og fjölskyldur þeirra. Börn með íslensku sem annað tungumál eiga að  
52 hafa aðgang að móðurmálskennslu sem og íslenskukennslu. Efla þarf ráðgjöf til  
53 kennara og fagfólks vegna slíkrar kennslu sem og kennaramenntun á sviði fjölyngi og  
54 fjölmenningslegra kennsluhátta. Mikilvægt er að bjóða upp á stuðning við nám og  
55 efla til muna samskipti skóla og foreldra. Börn innflytjenda verður að hafa sérstaklega  
56 í huga í námsefnisgerð sem á einnig að stórefla.
- 57 • Berjast þarf gegn mismunun og misnotkun á vinnumarkaði af fullri hörku. Allt fólk  
58 sem starfar á Íslandi á að njóta fullra réttinda á vinnumarkaði. Mansal,  
59 launaþjófnaður, félagsleg undirboð og önnur misnotkun á vinnuafli skal aldrei líðast.  
60 Styrkja þarf ~~lagaumhverfi og~~ opinbert eftirlit og lagaumhverfi og tryggja að viðeigandi  
61 viðurlög séu við launastuldi eins og hverjum öðrum þjófnaði.
- 62 • Upplýsingar um stöðu á vinnumarkaði, réttindi og skyldur þurfa að vera aðgengilegar.  
63 Auðvelda þarf ríkisborgurum ríkja utan Evrópska efnahagssvæðisins að fá  
64 atvinnuréttindi. Nauðsynlegt er að opnar séu ólíkar leiðir fyrir fólk í ólíkum aðstæðum  
65 til að setjast að hér á landi.
- 66 • Skapa þarf aðstæður og ryðja úr vegi hindrunum svo innflytjendur hafi jafnan kost á  
67 að taka þátt í stjórnámálum.

## 68 Fólk á flóttu

69 Vinstrihreyfingin – grænt framboð telur að málefni fólks á flóttu hafi til þessa verið of lituð af  
70 því að vera stjórnsýsluverkefni frekar en þjónustu við fólk með mannúð og virðingu að  
71 leiðarljósi.

- 72 • Aldrei hafa fleiri þurft að yfirgefa heimili sín vegna stríðsátaka, ofsókna,  
73 loftslagsbreytinga og fátæktar. Ísland á að taka vel á móti fólki á flóttu og  
74 umsækjendum um alþjóðlega vernd. Mikilvægt er að fólk sem hingað leitar í skjól fái  
75 skjóta, góða og sanngjarna málsmeðferð. Skilvirkni kerfisins á aldrei að vera á kostnað  
76 mannúðar- og réttlætissjónarmiða. Fólk sem hingað leitar hefur sama rétt til  
77 manngerar reisnar og sömu mannréttindi og aðrir í okkar samfélagi. Þá skal tryggja  
78 hinsegin fólki á flóttu sérstaka vernd í lögum um útlendinga.

- 79 • Mikilvægt er að taka undir ítrekaðar ábendingar Flóttamannastofnunar Sameinuðu  
80 þjóðanna um heimild ríkja til að taka umsóknir til efnismeðferðar þó svo að þau beri  
81 ekki ábyrgð á henni samkvæmt öðrum ákvæðum. Standa ber vörð um upphaflegan  
82 tilgang Dyflinnarsamstarfsins, að aðildarríki deili ábyrgð vegna komu fólks á flótta til  
83 Evrópu en varpi henni ekki yfir á önnur ríki.
- 84 • Börn á flótta, bæði þau sem eru fylgdarlaus og þau sem eru í fylgd foreldra /  
85 forsjáraðila, eru fyrst og síðast börn og meta skal aðstæður þeirra með sjálfstæðum  
86 hætti. Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna og Mannréttindasáttmáli Evrópu, og aðrir  
87 alþjóðasamningar er varða réttindi barna og Ísland er aðili að, skulu alltaf hafðir að  
88 leiðarljósi þegar fjallað er um mál barna á flótta. Fylgdarlaust barn á flótta er í  
89 viðkvæmri stöðu og á rétt á skólagöngu og þjónustu í samræmi við hana. Tryggja þarf  
90 að húsnæði sem fylgdarlausum börnum býðst við komuna til landsins sé öruggt og  
91 barnvænt. Ef aldur barns er á reiki skal barnið ætíð njóta vafans. Sé nauðsynlegt að  
92 leggja mat á aldur barns skal gera það með heildstæðu mati og aldrei skal notast við  
93 aldursgreiningar á tönnum.

94

#### 95 Jöfnuður og félagslegt réttlæti

96 Jafnaðarhugtakið felur í sér tilvísun í efnahagslegan jöfnuð, í jafnrétti og jafnræði auk þess  
97 markmiðs að jöfnuður ríki m.a. óháð kyni, kynhneigð, kynvitund, kyneinkenum,  
98 kyntjáningu, kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, aldri, búsetu, stétt eða  
99 stöðu að öðru leyti. Jöfnuður og félagslegt réttlæti eru tvö grunnstef í stefnu  
100 Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs.

101 Samfélagið á þannig að fagna fjölbreytileikanum og ekki líða mismunun ~~á fólki á grundvelli~~  
102 ~~fyrirnefndra atriða og annarra~~. Mikilvægt er að styðja sérstaklega við þá sem hallar á í  
103 samfélaginu til að jafna stöðu þeirra gagnvart öðrum hópum samfélagsins, til þess má  
104 beita sértækum aðgerðum á borð við jákvæða mismunun þar sem við á.

105 Mikilvægt er að vinna gegn ofbeldi í öllum birtingarmyndum. Samfélagið skal styðja og  
106 valdefla þolendur ofbeldis og tryggja áhrifaríkar leiðir til að fyrirbyggja ofbeldi.

107 Íslenskt samfélag á að vera velferðarsamfélag sem byggir á öflugum mennta-, velferðar- og  
108 heilbrigðiskerfi þar sem öllum er tryggður jafn aðgangur og jöfn tækifæri. Slík kerfi auk  
109 réttláts skattkerfis og öruggs húsnæðis eru hornsteinn jöfnuðar í samfélaginu.

110 Vinstrihreyfingin – grænt framboð mun standa vörð um þessa innviði samfélagsins nú sem  
111 endranær.

- 112 • Tryggja þarf jöfn tækifæri allra til menntunar, heilsu og þátttöku í samfélaginu og  
113 vinna gegn stéttaskiptingu af öllu tagi. Að uppræta fátækt er lykilatriði enda er fátækt  
114 brot á mannréttindum. Því þarf að tryggja gjaldfrjálsa menntun til 18 ára aldurs, þar  
115 með talið að námsgögnum og öllum börnum yngri en 18 ára sé tryggt heilnæmt fæði í  
116 skólum án endurgjalds. Veikist börn skulu þau eiga fullan og jafnan rétt á umönnun  
117 foreldra eða forsjáraðila sinna, óháð stétt eða stöðu þeirra. Stjórnvöld skulu vinna

- 118 heildstæða stefnu um aðgerðir gegn fátækt og félagslegri einangrun, sér í lagi meðal  
119 barna og fjölskyldna þeirra. Tryggja skal innleiðingu og fjármögnun stefnunnar.
- 120 • Tryggja þarf að loftslagsbreytingar, náttúruhamfarir og samfélagsleg, heilsufarsleg og  
121 efnahagsleg áföll stuðli ekki að ójöfnuði og félagslegu óréttlæti. Viðkvæmir hópar  
122 samfélagsins eru sérstaklega berskjaldaðir fyrir áföllum og ber okkur að huga að  
123 stöðu þeirra í hvívetna og tryggja félagslegt net sem grípur alla þegar áföll dynja á.
  - 124 • Hlutverk opinberrar þjónustu, mennta- og velferðarkerfisins í að stuðla að jöfnuði og  
125 félagslegu réttlæti er mikilvægt. Tryggja skal jafnan aðgang að þeirri þjónustu og að  
126 gæði hennar séu mikil. Að meginstefnu skal almannaðjónusta vera á hendi hins  
127 opinbera og aldrei í hagnaðarskyni. Heilbrigðis- og félagsþjónusta skal vera  
128 aðgengileg öllum hópum samfélagsins og stefnt að því að hún verði gjaldfrjáls. Einnig  
129 skal stefna að því að menntun á öllum skólastigum frá leikskólastigi verði gjaldfrjáls,  
130 enda er jafnrétti til náms ein forsenda félagslegs réttlætis í samfélaginu. Tryggja þarf  
131 nægilegan stuðning í skólum, þannig að mismunandi staða heimila eða mismunandi  
132 aðstaða í fjölskyldum stuðli ekki að mismunun meðal barna. Skólinn á að vera  
133 hornsteinn jafnaðar og réttlætis í samfélaginu.
  - 134 • Þá skiptir einnig miklu máli að gera fólki kleift að stofna og starfrækja samtök til að  
135 berjast fyrir jöfnuði og félagslegu réttlæti í samfélaginu. Slík samtök gegna  
136 þýðingarmiklu hlutverki í að viðhalda þeim réttindum sem þegar hafa áunnist, veita  
137 stjórnvöldum aðhald og gæta að því að mannréttindi séu tryggð. Lykilatriði í því er að  
138 fólk hafi tíma og þrek til að sinna slíku félagsstörfum og tryggja þarf að það sé ekki  
139 bara fólk í forréttindastöðu sem tekið getur þátt í slíku starfi.
  - 140 • Verkalýðshreyfingin gegnir mikilvægu hlutverki í að tryggja launafólki sanngjarnan  
141 skerf af verðmætasköpun samfélagsins sem og að byggja upp réttlátan vinnumarkað  
142 sem helst í hendur við uppbyggingu réttláts samfélags. Fyrirsjáanlegt er að  
143 tæknipróun muni hafa mikil áhrif á vinnumarkaðinn og er mikilvægt að starfsfólk og  
144 fulltrúar þess sé haft með í þróun tækninnar og innleiðingu hennar. Almenni skal  
145 tryggður sanngjarn hluti af þeirri verðmætasköpun sem hlýst af tæknibreytingum en  
146 þær breytingar mega ekki stuðla að auknum ójöfnuði í samfélaginu. Brýnt er að  
147 tækninni verði beitt til að bæta lífskjör og jafna stöðu fólks. Tryggja skal að tæknin og  
148 arður af henni fari ekki á fárra hendur og það sé á allra valdi að tileinka sér hana.
  - 149 • Tryggja skal rétt okkar allra til öruggs og heilsusamlegs húsnæðis með skýrri stefnu  
150 hins opinbera, öfluglu eftirliti, fjölgun úrræða og fjárhagslegum og félagslegum  
151 stuðningi.

#### 152 **Vinstrihreyfingin-grænt framboð leggur áherslu á að öll eigi rétt á:**

- 153 • Öruggu og heilsusamlegu heimili
- 154 • Tækifæri til menntunar við hæfi
- 155 • Bestu mögulegri heilsu og gjaldfrjálsri heilbrigðisþjónustu
- 156 • Þátttöku í samfélaginu
- 157 • Þjónustu óháð búsetu, tekjum eða annarri stöðu fólks

- 158 • Að lifa með reisu óháð efnahag, lífi án fátæktar

159

## 160 Menning og listir

161 Framsækin og fjölbreytt menningarstarfsemi er ein af undirstöðum íslensks samfélags og  
162 hluti af langri sögu, menningararfi og íslenskri tungu. Fjölbreytt menning án aðgreiningar  
163 er drifkraftur litríks samfélags.

164 Menning á að vera aðgengileg öllum hópum samfélagsins og afnema þarf hindranir sem  
165 kunna að vera til staðar svo fólk geti notið margs konar menningarforms. Að sama skapi  
166 eiga börn að hafa greiðan aðgang að menningu og listum. Efla þarf möguleika barna á að  
167 sækja menningartengda viðburði og þátttöku í hvers kyns skapandi starfi og listnámi.

168 Áfram þarf að styðja af krafti við menningarstofnanir, listaskóla og faglega úthlutunarsjóði  
169 og efla listnám á öllum skólastigum enda er menntun grundvöllur öflugs menningarstarfs.  
170 Víðtækt hlutverk menningar og lista í samfélaginu á að byggja á skilvirkri stjórnslu og  
171 þverfaglegu samstarfi innan stjórnkerfisins, milli ríkis og sveitarfélaga, í bland við starfsemi  
172 frumkvöðla í lista- og menningarlífinu.

- 173 • Endurskoða þarf lagaumhverfi listmenntunar. Unnið hefur verið að því að tryggja  
174 samstarf ríkis og sveitarfélaga um tónlistarmenntun en það þarf að gera á fleiri  
175 sviðum eins og t.d. á sviði listdans, kvikmyndagerðar, myndlistar og leiklistar. Aðgengi  
176 að faglegu listnámi allt frá grunnnámi til háskólastigs er undirstaða blómlegs lista- og  
177 menningarlífs.

- 178 • ~~Hefja á byggingu nýs húsnæðis fyrir Listaháskóla Íslands í Tollhúsinu í Reykjavík. LHÍ~~  
179 ~~skal verða opinber stofnun og tryggja þarf um leið að ekki verði tekin skóla- og~~  
180 ~~efnisgjöld.~~ Tryggja þarf Listaháskóla Íslands fullnægjandi húsnæði. Brýnt er að styðja  
181 bæði við menningarstofnanir og sjálfsprottna menningarstarfsemi með fjármagni og  
182 sterkri stjórnslulegri umgjörð. Fjárveitingar eiga að byggja á faglegum forsendum  
183 og verkefni skulu vera metin af fagaðilum. Samvinna menningarstofnana er mikilvæg  
184 til að auka nýbreytni í menningarlífinu og til að fjármunir nýtist sem best.

- 185 • Menningarstefna á Íslandi á að snúast um þátttöku allra. Sérstaklega þarf að efla  
186 þátttöku þeirra sem síst sækja sér menningartengda upplifanir vegna hindrana í  
187 samfélaginu og aðstöðumunar. Menning og listir eru mikilvægur hluti samfélagsins og  
188 þátttaka í menningarstarfsemi og fjölbreyttu, skapandi liststarfi bætir lýðheilsu og  
189 eflir fólk með ólíkan bakgrunn til þátttöku í samfélaginu.

- 190 • Menning og listir hafa mikilvægu samfélagslegu hlutverki að gegna, þær eru  
191 veigamikil stoð í fjölbreyttu atvinnulífi og hagræn áhrif þeirra skipta verulegu máli.  
192 Leggja þarf aukna áherslu á að menningarstarfsemi sé fjárfesting til framtíðar, ávísun  
193 á aukna verðmætasköpun og fjölbreytt og dýrmæt störf. Efla þarf launasjóð  
194 listamanna og verkefnasjóði listgreina ásamt því að tryggja listamönnum gott  
195 starfsumhverfi og að hið opinbera greiði þeim fyrir vinnu sína.

- 196 • Varðveisla menningarminja gerir okkur kleift að þekkja menningararf þjóðarinnar og  
197 tryggja að honum verði skilað áfram til komandi kynslóða. Styrkja þarf stöðu minja-

- 198 og menningarvörslu með áframhaldandi faglegu og stjórnsýslulegu sjálfstæði og  
199 tryggja nægilegt fjármagn svo málaflokkurinn geti sinnt lögbundnum skyldum sínum.  
200 Ísland geymir fjöldann allan af menningarminjum sem brýnt er að skrá og rannsaka  
201 en víða eru merkar minjar í hættu m.a. vegna ýmissa framkvæmda,  
202 loftslagsbreytinga, jarðraskana og ágangs sjávar.
- 203 • Fornminjaleifasjóður og Húsafriðunarsjóður gegna lykilhlutverki í stuðningi við  
204 björgun menningararfsins. Standa verður vörð um sjóðina innan faglegrar  
205 sjálfstæðrar stofnunar með þekkingu á málaflokknum. Jafnframt þarf að tryggja  
206 faglega og góða samvinnu milli málaflokka minjaverndar og annarra málaflokka þar  
207 sem þverfaglegt samstarf kann að vera til staðar.
  - 208 • Möguleikar íslenskrar tungu í stafrænum heimi hafa verið stórefldir og brýnt er að  
209 halda áfram á þeirri braut þannig að íslensk tunga verði gjaldgeng á stafrænu formi  
210 og nothæf í öllum tölvum og tækjabúnaði. Á næstu árum þarf að vinna ötullega að því  
211 að tryggja nægar fjárveitingar til þessa verkefnis. Að auki þarf að gera gangskör að því  
212 að koma menningararfinum á stafrænt form þannig að hann verði öllum  
213 aðgengilegur, m.a. á netinu. Það á einnig við um myndir og hljóðrit í opinberri eigu.
  - 214 • Kraftur hefur verið í safnastarfi og uppbyggingu safna í landinu á undanförunum árum  
215 og nú hillir loks undir að Náttúruminjasafn Íslands verði opnað í eigin húsnæði. nýjum  
216 höfuðstöðvum á Seltjarnarnesieignist húsnæði við hæfi. En betur má ef duga skal.  
217 Söfnin eru ólík en verkefnið hið sama: Varðveisla menningar-, lista- og náttúruarfs  
218 þjóðarinnar, miðlun hans og rannsóknir á honum. Efla þarf höfuðsöfnin þrjú,  
219 þjóðminjasafn Íslands, Listasafn Íslands og Náttúruminjasafn Íslands og styrkja  
220 sérstaklega starfsemi annarra safna, s.s. í menningarhúsum á landsbyggðinni og  
221 sérgreindum byggða-, lista-, skjala- og náttúruminjasöfnum.
  - 222 • Menning, listir og hönnun eru vaxandi stoð í íslensku samfélagi. Tímabært er að  
223 endurskoða stjórnsýslulega stöðu þessara greina, styrkja hana og auka skilvirkni  
224 hennar. Meta þarf þá kosti sem tryggt geta þverfaglega nálgun og samstarf ráðuneyta  
225 um greinarnar, þ.m.t. að stofna sérstakt ráðuneyti rannsókna, nýsköpunar,  
226 menningar og skapandi greina. Í þeirri vinnu þarf að huga að svæðisbundnum  
227 áherslum á menningarmál s.s. í sóknaráætlunum landshlutanna og í alþjóðlegu  
228 menningarstarfi, auk þeirra þátta skapandi greina og nýsköpunar sem heyra undir  
229 viðkomandi ráðuneyti.

### 231 Menntun fyrir okkur öll

232 **Menntun er eitt mikilvægasta jöfnunartæki samfélagsins og gegnir margþættu hlutverki**  
233 **fyrir hvert og eitt okkar. Öflugt og aðgengilegt menntakerfi, sem stendur öllum til boða á**  
234 **forsendum hvers og eins til að rækta hæfileika sína og færni, er undirstaða þess að við öll**  
235 **getum tekið þátt í lýðræðissamfélagi, þroskast og notið okkar. Til að jafna enn frekar**  
236 **aðstöðumun innan menntakerfisins skal stefnt að því að gera menntun endurgjaldslausa á**  
237 **öllum skólastigum.**

238 Menntun á að vera óháð búsetu, efnahag og öðrum þáttum sem kunna að vera fyrirstaða  
239 og skulu menntastofnanir aldrei reknar í hagnaðarskyni. Sporna á við einkavæðingu í  
240 menntakerfinu. Menntun er ævilangt verkefni og því þarf að tryggja fjölbreytta  
241 framhaldsfræðslu og aðlaga hana að ólíkum hópum.

242 Þá er menntun forsenda aukinnar þekkingar, nýsköpunar og þróunar og það er  
243 samfélagslegt verkefni að byggja upp þróttmikið menntakerfi því það er undirstaða  
244 aukinnar verðmætasköpunar í víðum skilningi. Góð menntun eykur lífsgæði einstaklinga og  
245 tryggir um leið velsæld og blómlegt atvinnulíf.

#### 246 Góður grunnur

- 247 • Brúa þarf bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla enn frekar enda mikið lífsgæðamál  
248 fyrir fjölskyldur. Tryggja þarf leikskóladvöl að loknu fæðingarorlofi og til greina kemur  
249 að lögbinda að foreldrar og börn eigi kost á leikskóla frá tilteknum aldri. Taka þarf  
250 næstu skref í lengingu fæðingarorlofs í a.m.k. tvö ár. Fyrstu tvö árin í lífi barna eru  
251 þýðingarmikið þroska og mótunarskeið og mikilvægt að börn fái tækifæri til að njóta  
252 samvista við foreldra og uppalendur á þessu viðkvæma tengslamyndunarskeiði. Um  
253 leið aukast líkur á að börn fái leikskóladvöl strax að loknu fæðingarorlofi foreldra og  
254 sveitarfélög geta einbeitt sér að eflingu leikskólastigsins.
- 255 • Tryggja þarf fjármagn til innleiðingar og framkvæmdar laga um farsæld barna sem og  
256 innleiðingu aðalnámskráa. Með því bætum við hag barna sem þurfa á sértækri  
257 þjónustu að halda. Mæta þarf kröfum um aukna fræðslu í samfélagslegum  
258 áskorunum hverju sinni.
- 259 • Kennarar og skólustjórnendur þurfa að njóta faglegs frelsis til að móta áherslur að  
260 þörfum nemenda hverju sinni. Þá er áriðandi að nemendur fái, með lýðræðislegum  
261 hætti, tækifæri til að hafa áhrif á mótun skólastarfsins.
- 262 • Samþætta þarf listnám, íþróttir og félagsstarf frístundastarfi sveitarfélaganna. Börn  
263 og ungmenni um allt land eiga í auknum mæli að geta fengið styrki til  
264 tómsundastarfs. Þetta er ekki síst mikilvægt fyrir aðlögun ungra innflytjenda. Öll  
265 börn eiga að fá aðgengi að listnámi óháð efnahag.
- 266 • Allir nemendur eiga rétt á að læra móðurmál sitt. Það á líka við um börn sem eiga  
267 táknmál að móðurmáli, innflytjendur og börn þeirra sem þurfa bæði að njóta kennslu  
268 í móðurmáli sínu og íslensku.

#### 269 Nám til framtíðar

- 270 • Í grunnskólum landsins koma öll börn og unglingar á skólaskyldualdri saman óháð  
271 ólíkum félagslegum og menningarlegum aðstæðum eða atgervi. Það á að fagna  
272 fjölbreytileika skólasamfélagsins og vinna markvisst að því að brjóta niður  
273 staðalmyndir og kveða niður fordóma. Fjölbreytileiki og síbreytilegt samfélag þarf að  
274 endurspeglast í námsefni, nálgunum og kennsluaðferðum. Með örum  
275 samfélagsbreytingum, tækniframförum og alþjóðavæðingu þarf að efla  
276 grunnenntun barna og leggja áherslu á fræðslu sem styrkir sjálfsmynd þeirra.  
277 Tryggja þarf jöfn tækifæri til fjölbreyttrar menntunar óháð búsetu og þar þarf

- 278 sérstaklega að huga að aðgengi að iðn- og listnámi. Endurskoða þarf fyrirkomulag  
279 iðnnáms með það að markmiði að fjölga útskrifuðum iðnnemum og taka þannig  
280 markviss skref í átt að aukinni samvinnu framhaldsskóla, vinnustaða, stéttarféлага og  
281 annarra sem koma að skipulagi og framkvæmd starfsnáms.
- 282 • Auka þarf sveigjanleika í námi á framhaldsskólastigi og tryggja að nemendur hafi  
283 svigrúm til að sinna félagslífi, íþróttum og tómstundum samhliða námi.
  - 284 • Brotthvarf úr námi er birtingarmynd ójafnra tækifæra í íslensku samfélagi.  
285 Nauðsynlegt er að sporna gegn því með aðgerðum innan menntakerfisins og ekki  
286 síður utan þess. Sérstaklega þarf að skoða stöðu nemenda með innflytjendabakgrunn  
287 í þessu samhengi.
  - 288 • Tryggja skal fjölbreyttan stuðning í öllum framhaldsskólum með góðu aðgengi að  
289 sérfræðiaðstoð til að sporna gegn brotthvarfi úr námi og stuðla að bættri líðan  
290 námsmanna. Huga þarf sérstaklega að innflytjendum í þessu samhengi.
  - 291 • Tryggja þarf fjölbreytt háskólanám og margvíslegt viðbótarnám framhaldsskóla.  
292 Nemendum skal gefinn kostur á að stunda slíkt nám í fjarnámi um land allt.
  - 293 • ~~Áfram þarf að efla fjármögnun háskólastigsins. Stefna skal að því að ekki sé tekið gjald~~  
294 ~~fyrir nám á háskólastigihalda gjaldtöku í algjöru lágmarki til að tryggja jafnt aðgengi~~  
295 ~~að háskólanámi. Sérstaklega þarf að horfa til náms sem eingöngu er aðgengilegt gegn~~  
296 ~~háu gjaldi eins og listnám á háskólastigi.~~
  - 297 • ~~Tryggja þarf fjölbreytt háskólanám og margvíslegt viðbótarnám framhaldsskóla.~~  
298 ~~Nemendum skal gefinn kostur á að stunda slíkt nám í fjarnámi um land allt.~~
  - 299 • Grunnrannsóknir eru undirstaða nýsköpunar og þekkingariðnaðar. Atvinnustefna í  
300 sátt við umhverfið byggist á því að virkja hugvit fremur en náttúruauðlindir og til þess  
301 þarf að fjárfesta í rannsóknum og nýsköpun.
  - 302 • Háskólar þurfa fjárveitingar til að sinna rannsóknum jafnt sem kennslu. Þeim  
303 fjármunum, sem eru utan við rannsóknafjárveitingar háskólanna, skal úthluta úr  
304 samkeppnissjóðum þar sem jafningjamat er notað við mat á rannsóknum. Nýta þarf  
305 ívilnanir til að styðja við þekkingar- og nýsköpunarfyrirtæki.
  - 306 • Endurskoða þarf löggjöf um framhaldsfræðslu með tilliti til samfélagsbreytinga og  
307 þess að sett verði aðalnámskrá um framhaldsfræðslu. Öflug framhaldsfræðsla er  
308 mikilvægt jöfnunartæki sem gerir fólki kleift að sækja sér ný tækifæri, hreyfa sig til á  
309 vinnumarkaði og tileinka sér nýja þekkingu. Styrkja þarf raunfærnimat enn frekar m.a.  
310 með menntun innflytjenda ~~og fólks á flóttu~~ í huga.

### 311 Menntasjóður námsmanna

- 312 • Námslánakerfið á að auka jöfnuð. Meta þarf árangur af nýjum Menntasjóði þar sem  
313 hluti námslána er nú orðinn styrkur til námsmanna. Meta þarf hvort að núverandi  
314 styrkjafyrirkomulag hygli ekki um of þeim sem þegar hafa sterka fjárhagslega og  
315 félagslega stöðu og hvort ekki væri réttlætanagera að veita styrki á breiðari grunni. Þá  
316 þarf áfram að huga að því að tryggja mannsæmandi grunnframfærslu fyrir námsmenn  
317 svo jafnrétti til náms verði tryggt. Hækka þarf frítekjumark til þess að tryggja rétt

318 efnaminni nemenda til námslána óháð starfshlutfalli síðasta árs. Tryggja þarf að  
319 vaxtabyrði námslána sé ekki íþyngjandi.

- 320 • Námslán skulu falla niður við ellilífeyrisaldur og við varanlega örorku lántakanda.

#### 321 **Rammi menntunar**

- 322 • Starfsaðstæður nemenda, kennara og annars starfsfólks menntastofnana eiga að vera  
323 í fremstu röð og nauðsynlegt að mikilvægi skólastarfsins endurspeglit í launum og  
324 öðrum kjörum.
- 325 • Vinna þarf markvisst áfram að því að útskrifa fólk með kennsluréttindi og bæta  
326 aðstæður og kjör kennara svo tryggja megi öflugt skólastarf til framtíðar. Þá þarf að  
327 jafna aðgengi kennara að sí- og endurmenntun svo kennsla geti þróast í takt við  
328 samfélagslegar breytingar.
- 329 • Skólabókasöfn sinna markvissu hlutverki í grunn- og framhaldsmenntun allra barna  
330 og ungmenna. Þau þurfa áfram að vera órjúfanlegur hluti skólastarfsins. Tryggja þarf  
331 sérstaklega fjárveitingar skóla til bókakaupa þannig að ávallt sé aðgengi að nýjum  
332 bókum fyrir nemendur.
- 333 • Jafna þarf aðgengi skóla að tækjabúnaði og styðja þannig við nám í samfélagi sem er í  
334 örri og stöðugri þróun.
- 335 • Endurskoða þarf skimunarpróf og staðlaða mælikvarða til að styðja við  
336 einstaklingsmiðað nám og áherslur aðalnámskráa.
- 337 • Efla þarf námsefnisgerð á öllum skólastigum. Styðja þarf við íslenskar þýðingar á  
338 vönduðu erlendu námsefni og framleiðslu á nýju námsefni á íslensku fyrir nemendur  
339 með ólíkar þarfir og bakgrunn. Taka þarf hér tillit til tækniframfara, fjölbreyttrar  
340 miðlunar og nýrra kennsluhátta. Námsgögn eiga að vera nemendum og fjölskyldum  
341 þeirra gjaldfrjáls.

342

## Atvinnuveganefnd

- hópstjórar Sigríður Gísladóttir og Helgi Hlynur Ásgrímsson

343

344

### 345 Atvinnumál

346 **Markmið Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs í atvinnumálum er að umbreyta**  
347 **atvinnulífinu í átt að sjálfbærni og stuðla að fjölbreyttri og félagslega réttlátri**  
348 **atvinnuuppbyggingu um land allt. Vinstri græn leggja áherslu á að þróa nýjar**  
349 **atvinnugreinar og skapa störf þar sem sjálfbærni, ábyrgð, og nýsköpun eru í fyrirrúmi til að**  
350  **tryggja vöxt atvinnugreina í sátt við náttúru og samfélag. Lögð verður áhersla á að**  
351 **atvinnulífið tryggi öllum aðgang að vinnumarkaði á eigin forsendum.**

352 **Uppbygging innviða og byggðaðróun eru lykilþættir í að tryggja fjölbreytt atvinnulífi og**  
353 **jafnvægi milli landshluta. Þá vilja Vinstri græn sérstaklega efla skapandi greinar, hugverka**  
354 **og -hátækni iðnað enda eru menningartengdar greinar, hátækni og nýsköpun í stafrænum**  
355 **iðnaði mikilvægar fyrir alþjóðlega samkeppnishæfni Íslands og hluti af fjölbreyttum**  
356 **atvinnutækifærum til framtíðar. Með áherslu á sjálfbærni, jöfnuð og nýsköpun vilja Vinstri**  
357 **græn skapa atvinnulíf sem stuðlar að betri framtíð fyrir komandi kynslóða.**

### 358 Fjölbreytt atvinnulíf

- 359 • Atvinnulífið á að þróa í átt að sjálfbærni með áherslu á græn störf, skapandi greinar,  
360 sjálfbæra þróun og nýsköpun.
- 361 • Stjórnvöld eiga að vera leiðandi í fjárfestingum sem styðja við þróun sjálfbærs  
362 atvinnulífs. Með markvissum aðgerðum í opinberum fjárfestingum er hægt að skapa  
363 grunn fyrir þróun þess. Sérstök áhersla skal vera lögð á að opinbert fé sé nýtt á  
364 ábyrgan hátt til að styðja við sjálfbær, græn verkefni og samfélagslega ábyrg fyrirtæki,  
365 kolefnishlutleysi og hringrásarhagkerfið.
- 366 • Stefnt skal að kolefnishlutleysi innan atvinnulífsins með því að draga úr losun, hvetja  
367 til orkuskipta og orkusparnaðar og styðja við sjálfbæra framleiðsluferla og virkja betur  
368 sköpunarkraftinn í þágu atvinnulífsins.
- 369 • Grunnatvinnuvegir eins og sjávarútvegur, ferðaþjónusta, álframleiðsla semog annar  
370 iðnaður s.s. matvælaframleiðsla, landbúnaður og fiskeldi eiga að byggja á sjálfbærri  
371 nýtingu auðlinda og samfélagslegri ábyrgð í takti við loftlagsaðgerðir.
- 372 • Stuðla skal að því að fyrirtæki sýni samfélagslega ábyrgð í rekstri sínum með því að  
373 innleiða skýr, mælanleg viðmið sem tryggja umhverfis- og náttúruverndvernd,  
374 kolefnishlutleysi og jákvæð áhrif á nærsamfélagið.
- 375 • Styðja þarf við hátækni iðnaðinn á Íslandi þar sem íslensk fyrirtæki hafa verið leiðandi  
376 í nýsköpun og þróun. Hátækni iðnaður gegnir lykilhlutverki í að efla alþjóðlega  
377 samkeppnishæfni Íslands og skapa störf sem byggja á háþróaðri þekkingu og hugviti.  
378 Með áherslu á tæknimenntun, rannsóknir og þróunarstarf getur Ísland verið í  
379 fararbroddi í nýsköpun og tækniframförum til framtíðar.

### 380 Styrking innviða og byggðaðróun

- 381 • Til að tryggja fjölbreytt atvinnulíf um allt land þarf að bæta innviði í hinum dreifðu  
382 byggðum, svo sem samgöngur, háhraðanettengingar, menntunartækifæri og aðra  
383 grunnþjónustu.

- 384 • Vinstri græn viljastuðla að fjölbreyttri uppbyggingu atvinnulífs á skilgreindum vaxtar-  
385 og atvinnusóknarsvæðum og efla byggðajafnrétti með aukinni samvinnu sveitarfélaga  
386 um allt land. Með því að styðja við skapandi lausnir og atvinnuþróun skapast betri  
387 lífsgæði í öllum landshlutum.
- 388 • Þróa skal fjölnota vinnurými eða klasa á landsbyggðinni til að styðja við uppbyggingu  
389 atvinnulífs og auka tækifæri til nýsköpunar. Slíkt getur aukið fjölbreytni og skapað ný  
390 störf í dreifbýli.
- 391 • Aukinn kraft þarf að setja í að skapa staðbundin störf, efla nýsköpun og fjölga  
392 opinberum störfum um land allt með tilliti til byggðajafnréttis.

### 393 Hugverkaiðnaður, skapandi greinar og framtíðarstörf

- 394 • Vöxtur hugverkaiðnaðar á Íslandi kallar á aukinn stuðning við sprotafyrirtæki og  
395 frumkvöðla í upplýsingatækni og hugverkagreinum. Skapa þarf betra starfsumhverfi  
396 fyrir stafræn störf og tryggja réttindi starfsmannaöxtur hugverkaiðnaðar á Íslandi  
397 kallar á aukinn stuðning við sprotafyrirtæki og frumkvöðla í upplýsingatækni og  
398 hugverkagreinum. Skapa þarf betra starfsumhverfi fyrir stafræn störf og tryggja  
399 réttindi starfsmanna.
- 400 • Menningartengdar greinar eins og kvikmyndagerð, hönnun, tónlist og listgreinar  
401 byggja á hugverkum og hugviti. Þær þarf að efla þ enda eru þær mikilvægar stoðir  
402 fyrir fjölbreytt atvinnulíf innanlands og á alþjóðavísu. Leggja skal áherslu á  
403 tæknimenntun, hæfniuppbyggingu og rannsóknir til að styrkja stöðu Íslands í  
404 hugverkaiðnaði og skapandi greinum og styðja við menntastofnanir og  
405 rannsóknarverkefni sem miða að nýsköpun og þróun í hugverkagreinum.
- 406 • Til að tryggja öllum jöfn tækifæri til að þróa nýja hæfni í breyttu atvinnulífi þarf að  
407 leggja áherslu á umfangsmikla áætlun um endurmenntun og hæfniuppbyggingu til að  
408 takast á við áhrif tæknivæðingar og sjálfvirknivæðingar.

409

### 410 Ferðamál

411 **Ferðapjónusta á Íslandi á að vera sjálfbær, ábyrg og samfélagslega jákvæð, grundvallast á**  
412 **virðingu fyrir náttúru, menningu og samfélögum landsins og stuðla að verndun auðlinda og**  
413 **líffræðilegrar fjölbreytni. Tryggja skal að ferðapjónustan stuðli að jákvæðum**  
414 **samfélagslegum áhrifum og sé rekin með hliðsjón af þolmörkum náttúrunnar.**

415 **Áhersla skal lögð á gæði umfram magn, eflingu menntunar og nýsköpunar og að góðir**  
416 **starfshættir séu viðhafðir innan greinarinnar. Ísland á að vera fyrirmynd á heimsvísu fyrir**  
417 **sjálfbæra og ábyrga ferðapjónustu. Tryggja þarf aðkomu heimamanna að stefnumótun,**  
418 **aukna fræðslu fyrir ferðamenn og ferðapjónustuaðila, ásamt því að tryggja að innviðir og**  
419 **stjórnþæki taki mið af þolmörkum til verndar íslenskri náttúru og menningu til framtíðar.**

### 420 Sjálfbær ferðapjónusta og náttúruvernd

- 421 • Ferðapjónusta á Íslandi á að byggjast á sjálfbærni. Í því felst að ferðapjónusta taki mið  
422 af vernd náttúruauðlinda og líffræðilegrar fjölbreytni, þar sem jarðvegur, vatn, loft og  
423 lífríki fái nauðsynlega vernd gegn álagi ferðamanna. Uppbygging innviða svo sem

- 424 vistvænna samgangna, stíga, áningarstaða og hreinlætisaðstöðu skal vera í takt við  
425 þolmörk svæðanna.
- 426 • Skilgreina skal þolmörk náttúru, samfélaga, ferðamannastaða og innviða til að tryggja  
427 vernd viðkvæmra svæða og halda álagi innan þeirra marka sem náttúran þolir.
  - 428 • Styðja skal við ábyrga ferðaþjónustu þar sem aðgengi að svæðum er stjórnað og  
429 tnauðsynlegt er að innleiða takmarkanir á fjölda gesta á viðkvæmum svæðum og  
430 vinsælum áfangastöðum sem byggir á þolmarkagreiningu þar sem áhersla er lögð á  
431 virðingu gesta fyrir áfangastöðum, verndun menningarminja, landslagsheilda,  
432 vistkerfa og lífbreytileika. Þar sem ekki hefur farið fram þolmarkagreining skal  
433 náttúran njóta vafans.
  - 434 • Tryggja skal að almannaréttur verði ekki fényttur í tekjumyndandi starfsemi  
435 ferðaþjónustu og að sett verði skýr lög um stýringu ferðaþjónustu á grundvelli  
436 almannaréttar. Eðlilegt er að ferðaþjónustuaðilar sem skipuleggja ferðir á landi  
437 annarra þurfi að leggja af mörkum til verndar náttúru og uppbyggingar innviða.
  - 438 • Auka þarf fræðslu fyrir ferðamenn og ferðaþjónustuaðila um viðkvæma náttúru  
439 Íslands, menningu og siði. Einnig þarf að tryggja gott aðgengi að upplýsingum um  
440 veðurfar, leiðarlýsingar og aðra þætti sem hafa áhrif á öryggi ferðamanna.
  - 441 • Efla þarf markaðssetningu sem byggir á fræðslu um sjálfbæra ferðahegðun,  
442 menningu, öryggi og náttúruvernd. Sjálfbær ferðamennska á að vera hornsteinn  
443 ferðaþjónustu á Íslandi til framtíðar.

#### 444 **Gæði í ferðaþjónustu**

- 445 • Ferðamennska á Íslandi á að byggja á gæðum frekar en magni og vera sjálfbær.  
446 Mikilvægt er að dreifa álagi árið um kring, fjölga vaxtarsprotum í ferðaþjónustu og  
447 efla atvinnulíf heima í héraði svo jákvæðra áhrifa ferðaþjónustunnar gæti í ólíkum  
448 landshlutum.
- 449 • Aðkoma heimamanna að stefnumótun og þróun ferðaþjónustu er lykilatriði og skal  
450 sérstök áhersla lögð á aðkomu þeirra að ákvarðanatöku. Mikilvægt er að nýta  
451 staðbundna þekkingu til að ákvarða þolmörk.

#### 452 **Menntun og góðar starfsvenjur**

- 453 • Efla þarf nám við námsbrautir á öllum menntastigum sem varða ferðaþjónustugreinar  
454 og fjölga fagmenntuðu fólki í leiðsögn svo unnt sé að auka gæði ferðaþjónustunnar.  
455 Höfuð áhersla skal lögð á menntun, símenntun og þjálfun ferðaþjónustuaðila.
- 456 • Efla skal menntun þeirra sem sjá um þjódgarða og önnur náttúrusvæði og huga þarf  
457 sérstaklega að eflingu landvörslu með endurskipulagningu og fjölgun stöðugilda.
- 458 • Fjármagna þarf þjálfun og menntun fyrir starfsfólk í ferðaþjónustu með áherslu á  
459 sjálfbærni, náttúrulæsi, menningarlæsi og þjónustu. Mikilvægt er að leiðsögumenn og  
460 landverðir fái menntun og aðstöðu til að sinna störfum sínum af fagmennsku.
- 461 • Nýsköpun í ferðaþjónustu sem byggir á sjálfbærum lausnum skal efla. Fjárfesta skal í  
462 rannsóknar- og þróunarverkefnum sem snúa að grænni ferðaþjónustu,  
463 endurnýjanlegri orku og umhverfisvænum lausnum í öllum greinum  
464 ferðaþjónustunnar.

- 465 • Til að uppfylla skilyrði sjálfbærrar ferðaþjónustu þarf að hvetja til nýsköpunar og  
466 góðra starfshátta. Hagvöxtur á að vera sjálfbær og fjárfestingar grænar og áhersla  
467 skal lögð á atvinnusköpun í heimabyggð, menningu, sögu og umgengni við auðlindir í  
468 samræmi við þolmörk.

#### 469 Grænar lausnir

- 470 • Lög skal áhersla á grænar lausnir í ferðaþjónustu, svo sem vistvænar  
471 almenningssamgöngur, sjálfbæra orkunotkun og úrgangsstjórnun. Þróa skal innviði  
472 sem miða að minna kolefnisspori, þar með talið hleðslustöðvum fyrir rafbíla, göngu-  
473 og hjólreiðastígum og kolefnisjöfnun verkefna.
- 474 • Til að stuðla að orkuskiptum skal nota græna hvata fyrir bílaleigur, fjölga  
475 hleðslustöðvum og gjaldskyldum bílastaðum sem falla að umhverfinu og eru við  
476 valda áfangastaði.
- 477 • Lágmarka skal útblástur frá skemmtiferða- og farþegaskipum m.a. með rafvæðingu  
478 hafna og bindandi viðmiðum um losun í sjó og loft. Fari losun mengandi efna frá  
479 skemmtiferðaskipum fram innan lögsögu Íslands, hvort sem er í höfn eða hafi skal  
480 greitt viðbótargjald fyrir losunina.
- 481 • Úrgangur frá skemmtiferða- og farþegaskipum skal flokkaður samkvæmt íslenskum  
482 reglum og lúti gjaldskrá. Þá skal losun kjölfestuvatns í íslenskri lögsögu bannað  
483 nema brýna nauðsyn beri til vegna óviðráðanlegra orsaka og gegn gjaldi.

484

#### 485 **Neytendamál**

486 **Neysluvenjur hafa bein áhrif á umhverfi og lýðheilsu samfélagsins og því skal stuðla að**  
487 **sjálfbærri og ábyrgri neysluhegðun á Íslandi og að auka vitund almennings um hana.**  
488 **Íslenskur neytendamarkaður er fákeppnismarkaður þar sem samþjöppun**  
489 **markaðshlutdeildar er meiri en í löndunum í kringum okkur. Því er brýnt að almenningur**  
490 **búi við skýra neytendavernd og eigi þess ávallt kost að geta tekið upplýstar ákvarðanir um**  
491 **neyslu sína. Almenningsur á skýlausan rétt til upplýsinga um allar þær vörur og þjónustu**  
492 **sem seldar eru hérlendis.**

493 **Almenningur gegnir lykilhlutverki í því að stuðla að réttlátu grænu hagkerfi. Áhersla skal**  
494 **lögð á að skapa sjálfbæran og öflugan umhverfisvænan markað þar sem réttur neytenda er**  
495 **verndaður og velferð almennings, umhverfisvernd og framtíð komandi kynslóða er í**  
496 **hávegum höfð.**

#### 497 **Sjálfbær neysla og neytendavernd**

- 498 • Tryggja verður að neytendur og fyrirtæki eigi þess kost að taka þátt í  
499 hringrásarhagkerfinu og hafi tækifæri til að endurnýta, endurvinna og endurnýja  
500 vörur sínar frekar en að þurfa að kaupa einnota vörur og farga þeim. Mikilvægt er að  
501 koma á hvatakerfi fyrir framleiðendur til að innleiða framleiðsluferla sem byggja á  
502 hringrásarhagkerfinu.
- 503 • Innleiða á endurgreiðslukerfi fyrir viðgerðir á rafmagnstækjum og öðrum varningi og  
504 draga þannig úr soun.

- 505 • Auka þarf vitneskju fólks og fyrirtækja um áhrif matarsóunar og finna áhrifaríkar leiðir  
506 til að draga út henni. Hvetja þarf innlenda matvælaframleiðendur til að huga að  
507 fullvinnslu afurða með stuðningi við grænar lausnir og nýsköpun í  
508 matvælaframleiðslu.
- 509 • Vinna þarf markvisst að því að minnka notkun eiturefna við framleiðslu ýmiss konar  
510 varningis og stuðla að eiturefnalausum samfélagi.
- 511 • Setja þarf heildarlöggjöf um neytendamál sem tryggir vernd neytenda gegn sölu á  
512 gallaðri vöru, vörusvikum og öðrum vanefndum á markaði. Lögfesta þarf refsingar  
513 með t.d. sektum fyrir villandi og/eða rangar upplýsingar um sjálfbærni eða  
514 umhverfisvæna eiginleika vöru. Með lögum skal tryggja að vörur og þjónusta séu  
515 merktar réttum upplýsingum um umhverfisáhrif, framleiðsluhætti, dýravelferð,  
516 siðferði í viðskiptum og sanngjörn kjör launafólks. Réttar upplýsingar eru grundvöllur  
517 þess að almenningur geti sýnt ábyrga neysluhegðun.
- 518 • Tryggja þarf skjótfarnar og skilvirkar leiðir fyrir neytendur að leita réttar síns, greiða  
519 úr ágreiningi og koma því til leiðar að niðurstaða í deilumálum neytenda og söluaðila  
520 sé virt.
- 521 • Efla þarf fræðslu um grænþvott. Setja þarf strangar reglur um markaðssetningu á  
522 umhverfisvænum vörum. Merkingar og fullyrðingar um jákvæð umhverfisáhrif og  
523 sjálfbærni vöru og þjónustu skulu vera skýrar, mælanlegar og sannreynanlegar.
- 524 • Starfsemi frjálsra félagasamtaka er mikilvæg varðandi neytendamál. Styðja ætti  
525 starfsemi þeirra til að tryggja réttindi almennings. Efla þarf samstarf þeirra svo sem  
526 neytenda- og stéttarféлага við stjórnvöld á sviði verðlagseftirlits og neytendaverndar.
- 527 • Hugsa þarf sérstaklega að neytendum með tilliti til félagslegra og efnahagslegra  
528 aðstæðna hverju sinni. Berskjaldaðir hóparskulu njóta aukinnar verndar gegn  
529 misnotkun auglýsingamarkaðarins og markaðsafla.
- 530 • Banna skal allar auglýsingar, sem beinast sérstaklega að börnum undir 16 ára  
531 aldri, sem auglýsa neyslavörur sem fara gegn lýðheilsuviðmiðum fyrir þeirra aldur,  
532 Mikilvægt er að tryggja ábyrga sölu áfengis og gæta lýðheilsusjónarmiða við sölu  
533 þess. Ekki skal leyfa netsölu áfengis og auka skal eftirlit og refsiaðgerðir gegn  
534 ólöglegri sölu áfengis á netinu og í verslunum.
- 535 • Viðhalda skal banni við áfengisauklýsingum og styrkja eftirlit með því til þess að  
536 vernda viðkvæma hópa, sérstaklega ungt fólk, gegn skaðlegum áhrifum  
537 áfengisneyslu.

#### 538 **Réttindi og öryggi á stafrænum markaði**

- 539 • Persónuvernd neytenda á stafrænum vettvangi skal tryggja rétt þeirra til að stjórna  
540 eigin upplýsingum. Algjört bann skal lagt við sölu persónuupplýsinga án samþykkis.  
541 Gögn neytenda má ekki nota til að móta kauphegðun, hafa áhrif á ákvarðanir eða  
542 skapa markaðsvörur byggðar á persónulegum upplýsingum og samskiptum.
- 543 • Setja þarf lög um stafræn réttindi almennings. Tryggja þarf að netið sé almannarými  
544 þar sem lýðræðisleg gildi eru virt án þess að stórfyrirtæki stjórni aðgengi að  
545 upplýsingum, nýti sér gögn til að móta hegðun fólks og skipi fólki í bergmálshella  
546 byggða á hegðun þeirra og neyslunum.

- 547
- 548
- 549
- 550
- 551
- 552
- 553
- 554
- 555
- 556
- Stofna þarf opinbera gagnagátt þar sem almenningur getur fengið upplýsingar um stafræna viðskiptahætti fyrirtækja, hversu mikið af persónuupplýsingum þau safna og hvernig þau nýta gögnin.
  - Auka þarf vitund almennings um hvernig áskriftarhagkerfið ógnar sjálfræði og frelsi neytenda með því að draga úr raunverulegu eignarhaldi, gera neytendur háða stórfyrirtækjum sem stjórna aðgangi að vörum og þjónustu og stjórna verðlagi og breyta skilmálum án samráðs.
  - Stafræn þjónusta og rekstur fyrirtækja þarf að vera sjálfbær. Svo það megi verða þarf að lágmarka orkunotkun í gagnaverum, styðja við vistvæna netþjónustu og auðvelda endurvinnslu á stafrænni tækni.

557

DRÖG - ÓSAMÞYKKT

558  
559

## Málefnaþópur um kvenfrelsi og jafnrétti

- hópstjórar Kristín Heba Gísladóttir og Fjölur Sæmundsson

560  
561  
562  
563  
564

### Kvenfrelsi og jafnréttismál

**Kynjakerfið er félagslegt yfirráðakerfi sem þrífst á tvíhyggju og fyrirframgefnum hugmyndum um fólk þar sem karlar eru yfirskipaðir. Ofuráhersla á hið kapitalistíska hagkerfi, vaxandi veldi fjármagnsins og frjálshyggju er ógn við félagslegt réttlæti og jafna stöðu kynjanna í samfélaginu.**

565  
566  
567  
568  
569  
570

**Fullt jafnrétti krefst þess að ráðist sé að rótum kynjakerfisins og einkennum þess. Breytingar til lengri tíma krefjast úrbóta á sviði uppeldis- og menntamála en á sama tíma verður að grípa til beinna og tafarlausra aðgerða á öllum sviðum samfélagsins. Nauðsynlegt er að uppræta allar birtingarmyndir kynjamisréttis og brjóta þannig upp kynjakerfi sem er skaðlegt fyrir stöðu, tækifæri og þátttöku allra og skapa þannig betra samfélag fyrir okkur öll, óháð kynjum**

571

### Öryggi

572  
573  
574  
575

Kynbundið ofbeldi er alvarlegasta birtingarmynd kynjamisréttis. Það er ekki einstaklingsbundinn vandi heldur samfélagsmeinn sem þrífst á valdamisræmi og er mesta ógn við líf og heilsu kvenna og kvára. Ofbeldi og ógn um ofbeldi eru hluti af daglegu lífi kvenna og kvára og hefur einnig mikil áhrif á líf og stöðu þeirra sem tilheyra minnihlutahópum.

576  
577  
578  
579  
580  
581  
582  
583  
584  
585  
586  
587  
588  
589  
590  
591  
592  
593  
594  
595  
596

- Útrýma þarf kynbundnu ofbeldi. Uppræta þarf þau viðhorf og kerfi sem leiða af sér kynbundið ofbeldi og tryggja að öll ofbeldismál fái skjóta og faglega meðferð í réttarvörslukerfinu. Framfylgja þarf betur þeim ákvæðum íslenskra laga sem banna ofbeldi af öllum toga.
- Styrkja þarf löggjöf og framkvæmd laga þegar kemur að nauðgunarmálum enda tekur réttarkerfið aðeins á litlum hluta þessara alvarlegu glæpa. Tryggja þarf að brotapolar séu aðilar máls og að ríkið verði skaðabótaskyld gagnvart þolendum ef mál er fellt niður vegna mistaka við rannsókn eða tafa á málsmeðferð. Nauðsynlegt er að auðvelda leiðir brotapola í gegnum réttarvörslukerfið með því að tryggja fræðslu, samtal og réttargæslu á öllum stigum. Komið verði á sjóði sem þolendur geta sótt í til að standa straum af kostnaði við að takast á við afleiðingar brota sem ekki tekst að sakfella fyrir. Sjóðurinn tekur mið af einkaréttarmálum til greiðslu bóta og eins þarf að stórauka sálfræðiaðstoð fyrir þolendur ofbeldis.
- Þolendur heimilisofbeldis skulu hafa sömu réttindi til réttargæslu og sálfræðipjónustu eins og þolendur kynferðisbrota. Tryggja þarf að öll börn sem verða fyrir eða vitni að ofbeldi hljóti faglega aðstoð og þau skulu njóta vafans þegar heimilisofbeldismál koma á borð lögreglu eða heilbrigðiskerfis. Við ákvörðun forsjár og umgengni við foreldra í heimilisofbeldismálum þarf að taka tillit til óska barna. Breyta skal hjúskaparlögum svo þolendur heimilisofbeldis geti tafarlaust fengið skilnað að borði og sæng þegar sótt er um skilnað. Heimila þarf að hægt sé að beita bráðabirgðaúrskurði þegar kemur að búsetu barna og ungmenna í slíkum tilfellum.

- 597 Heimilt verði að ágreiningsmálum sé skotið til dómstóla ef bið í sáttameðferð er  
598 lengri en tveir mánuðir. Auðvelda þarf þolendum heimilisofbeldis að fá nálgunarbann  
599 og sé nálgunarbann brotið á það að leiða til fjársekta.
- 600 • Styrkja þarf löggjöf gegn stafrænu kynferðisofbeldi. Gervigreind er í auknum mæli  
601 nýtt til að framleiða slíkt efni og mikilvægt að bregðast þegar við með lagasetningu og  
602 fræðslu. Bæta þarf hegningarlög svo þau nái yfir brot í netheimum svo sem  
603 djúpfölsun.
  - 604 • Tryggja þarf góða þjónustu við þolendur í samræmi við þarfir þeirra og vilja innan  
605 heilbrigðiskerfis, félagsþjónustu og réttarkerfis. Standa skal myndarlega við bakið á  
606 þeim grasrótarsamtökum sem hafa borið hitann og þungann af ráðgjöf og þjónustu  
607 við þolendur. Sömuleiðis þarf að tryggja meðferðarúrræði fyrir gerendur.
  - 608 • Nauðsynlegt er að fylgja eftir aðgerðaáætlun um mansal og að henni fylgi fjármagn  
609 og mannaflí. Tryggja þarf vernd og þjónustu við einstaklinga sem búa við nauðung,  
610 leiðir út úr slíkum aðstæðum og meðferðarúrræði, ráðgjöf og eftirfylgni fyrir  
611 þolendur. Nauðsynlegt er að mansalþolendur sem sækja um alþjóðlega vernd fái  
612 sérstaka málsmeðferð þar sem fullt tillit er tekið til þeirra einstöku aðstæðna sem  
613 þolendur slíkra brota eru í.
  - 614 • Klám er ein tegund ofbeldis og er bannað með lögum. Því þarf að framfylgja betur.  
615 Auka þarf forvarnir og fræðslu og leita allra leiða til að hamlu aðgengi barna að klámi.
  - 616 • Mikilvægt er að standa með banni við kaupum á vændi og efla bæði viðbrögð og  
617 frumkvæði lögreglu og dómstóla við brotum á þeim lögum. Lögin þurfa jafnframt að  
618 ná til vændis á netinu. Enn fremur þarf að koma á fleiri og fjölbreyttari úrræðum fyrir  
619 fólk í vændi og fólk sem vill losna úr vændi og styrkja þau úrræði sem fyrir eru. Leitast  
620 skal við að grípa inn í áður en fólk grípur til vændis sem örþrífaraðs til framfærslu.  
621 Stuðla ber að samfélagi þar sem slíks gerist ekki þörf.
  - 622 • Öll sveitarfélög eiga að starfrækja ofbeldisvarnaráð þar sem saman koma viðbragðs-  
623 og fagaðilar í málaflokknum sem vinni markvisst að því að útrýma kynbundnu ofbeldi.
  - 624 • Gera skal almannarými aðlaðandi og örugg í skipulagi með því að gæta að lýsingu og  
625 hönnun og forðast að búa til undirgöng og skuggasund.
  - 626 • Kynjaaðskilnaðarstefnaner raunveruleg ógn við konur og kvár víða í heiminum. Ísland  
627 á að vera í forystu á alþjóðavettvangi þegar kemur að því að tryggja konum og  
628 kvárum öryggi um allan heim með því að að taka virkan þátt í baráttu þeirra fyrir  
629 kynfrelsi og yfirráðum yfir eigin líkama.

### 630 **Vinumarkaður**

631 Kynjað valdakerfi nær til allra sviða samfélagsins svo sem vinnumarkaðarins, stjórn mála,  
632 fjölmiðla, velferðar og menningar. Í lýðræðissamfélagi þurfa ákvarðanir að vera teknar af  
633 breiðum hópi fólks. Uppbygging vinnumarkaðar og valdastofnana er karllæg sem gerir það  
634 að verkum að lítil og einsleitur hópur hefur of mikil völd. Nauðsynlegt er að grípa til aðgerða  
635 og tryggja að fjölbreyttar raddir heyrist og að á þær sé hlustað. Kynskiptur vinnumarkaður á  
636 sinn þátt í að viðhalda stöðluðum hugmyndum um hlutverk kynjanna. Brýnt er að útrýma

637 kynbundum launamun, brjóta upp staðalímyndir, stuðla að fjölbreyttari fyrirmyndum og  
638 meta fólk að verðleikum óháð kyni þess.

- 639 • Mikilvægt er að endurmeta virði kvennastarfa, með tilliti til ábyrgðar og mikilvægi  
640 fyrir samfélagið, og eiga ríki og sveitarfélög að vera leiðandi í þeirri vinnu. Vanmat á  
641 kvennastörfum er ein helsta ástæða kynbundins launamunar.
- 642 • Vegna kynbundins launamunar, vanmati á virði kvennastarfa og ólaunuðum störfum  
643 kvenna eru þær með lægri tekjur yfir ævina og sömuleiðis skert lífeyrisréttindi  
644 samanborið við karla. Þetta þarf að leiðrétta. Huga þarf einkum að störfum kvenna og  
645 kvára sem eru utan hins hefðbundna vinnumarkaðar, hafa ekki aðgang að  
646 stéttarfélögum og er berskjölduð fyrir hvers kyns misnotkun.
- 647 • Nauðsynlegt er að vinnuvikan verði stytta á hinum almenna vinnumarkaði í samræmi  
648 við opinbera markaðinn.
- 649 • Tryggja þarf að starfsfólk ríkis og sveitarfélaga fái viðunandi fræðslu um jafnréttismál  
650 og þær lagalegu skyldur sem þeim ber að uppfylla í störfum sínum

### 651 **Fjölskyldumál**

652 Enn bera konur meiri ábyrgð á umönnun, bæði barna og veikra ættingja, og heimilisstörfum.  
653 Það órétti hefur áhrif á laun, starfsmöguleika, heilsu og vellíðan kvenna. Þessu þarf að  
654 breyta.

- 655 • Nauðsynlegt er að tryggja jafna skiptingu fæðingarorlofs foreldra.
- 656 • Brúa þarf bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla í samstarfi ríkis, sveitarfélaga og aðila  
657 vinnumarkaðarins með hagsmunum kvenna og barna að leiðarljósi.
- 658 • Lögfesta þarf leikskólastigið en Ísland er eina landið á Norðurlöndum sem ekki er með  
659 lögbundinn rétt barna til leikskóla eftir að fæðingarorlofi lýkur.
- 660 • Nauðsynlegt er að laga fæðingarorlofskerfið þegar kemur að réttindum námsmanna,  
661 kvenna sem eignast börn einar, fjölburaforeldra og þeirra sem ekki hafa full réttindi  
662 til fæðingarorlofs. Tryggja skal öllum foreldrum sanngjarnar greiðslur í fæðingarorlofi,  
663 hækka fæðingarstyrk sem og lágmarks- og hámarksgreiðslur fæðingarorlofsgreiðslna.
- 664 • Foreldrar skulu halda fullum tekjum í fæðingarorlofi upp að ákveðnu hámarki án  
665 skerðinga.
- 666 • Tryggja þarf öllum foreldrum sömu réttarstöðu við fæðingu barns til dæmis þegar  
667 kemur að skráningum í opinber kerfi og samskiptum við opinberar stofnanir.
- 668 • Ekki á að leyfa heimgreiðslur enda eru þær ekki fallnar til þess að tryggja inngildinguna  
669 né jafnrétti.
- 670 • Auka þarf stuðning við foreldra til að takast á við hlutverk sitt og mikilvægt að öll kerfi  
671 hugi sérstaklega að velferð barna og foreldra. Stuðla skal að jafnari ábyrgð á  
672 heimilisstörfum sem aftur leiðir til jafnari tækifæra til þátttöku í samfélaginu og  
673 jafnari stöðu foreldra til samvista með fjölskyldu. Umhyggjuhagkerfið byggist að  
674 stærstum hluta á ólaunaðri vinnu kvenna. Styðja þarf konur eða kvár sem eru í þeirri  
675 stöðu að þurfa að annast aldraða foreldra, langveik börn eða aðra aðstandendur, og

676 gæta þess að slík umönnun komi ekki niður á launatengdum réttindum þeirra s.s.  
677 eftirlauna eða orlofs svo dæmi séu nefnd.

#### 678 **Heilbrigðismál**

- 679 • Mikilvægt er að tryggja að tekið sé mið af rannsóknum, reynslu og þekkingu á sviði  
680 kvennaheilsu í allri heilbrigðisþjónustu.
- 681 • Tryggja þarf fæðandi konum og fólki fjölbreytta og góða þjónustu sem miðar að  
682 þörfum þeirra, vilja og aðstæðum og er aðgengileg öllum óháð búsetu. Tryggja skal  
683 að barnshafandi gangi ekki á veikindarétt sinn hjá atvinnurekanda vegna veikinda á  
684 meðgöngu heldur fái greiðslur frá Fæðingarorlofssjóði.
- 685 • Standa þarf vörð um réttinn til þungunarrofs sbr. lög nr 43/2019
- 686 • Staðgöngumæðrun býður upp á alvarlega misnotkun á konum. Ekki skal leyfa  
687 staðgöngumæðrun, hvorki í velgjörðar- né hagnaðarskyni.

#### 688 **Menntun og uppeldi**

689 Jafnrétti til náms er forsenda félagslegs réttlætis í samfélaginu. Góð almenn menntun jafnar  
690 tækifæri fólks til þátttöku en skólakerfið er jafnframt ein mikilvægasta eining samfélagsins til  
691 að brjóta upp kynjakerfið og breyta hugarfari.

692 Staðlaðar hugmyndir um kyn sem börn kynnast allt frá fæðingu í gegnum menningu og  
693 hefðir, listir, fjölmiðla, vini og fjölskyldu viðhalda kynjakerfinu og tvíhyggju. Börn fá þannig  
694 skilaboð um að tileinka sér eiginleika sem falla að fyrirframgefnum og einsleitum  
695 hugmyndum og hlutverkum og að þessir eiginleikar séu mismikils virði. Kvenlægir eiginleikar  
696 eru þannig taldir minna virði en þeir karllægu. Á því byggir svo yfir- og undirskipan kerfisins.

697 Aukin áhersla á femíniska greiningu og gagnrýna hugsun í skólakerfinu getur rofið vítahring  
698 staðalmynda og styrkt börn til að rækta með sér hæfileika og áhugamál óháð úreltum  
699 hugmyndum um hlutverk þeirra.

- 700 • Kynjafræði á að vera sjálfstæð skyldugrein á öllum skólastigum og nauðsynlegur hluti  
701 af námi í kennslu- og uppeldisfræðum.
- 702 • Samþætta verður kynjasjónarmið inn í allar greinar svo staða kynjanna,  
703 birtingarmyndir og áhrif kynjakerfisins séu greind í þeim viðfangsefnum sem tekin eru  
704 fyrir.
- 705 • Öll menntun á að efla gagnrýna hugsun gagnvart staðalmyndum kynjanna, greina  
706 bein og óbein skilaboð kynjakerfisins og sporna gegn áhrifum þeirra.
- 707 • Sérstök ofbeldisvarnarfræðsla er nauðsynleg í grunnskólum. Taka verður á áhrifum  
708 klámvæðingarinnar og fjalla um tilfinningar, nánd og mörk, um samþykki og  
709 nærgætni í kynferðislegum samskiptum.
- 710 • Mat á framkvæmd jafnréttisfræðslu í samræmi við Aðalnámskrá verði hluti af innra  
711 og ytri mati á skólastarfi.
- 712 • Mikilvægt er að hafa kynja – og jafnréttissjónarmið að þverfaglegu og málefnalegu  
713 leiðarljósi í allri stefnumótun innan kerfisins og í öllum málaflokkum.

#### 714 **Samfélagið**

- 715
- 716
- 717
- 718
- 719
- 720
- 721
- 722
- 723
- 724
- 725
- 726
- 727
- 728
- 729
- 730
- 731
- 732
- 733
- 734
- 735
- Halda þarf áfram að innleiða kynjaða hagstjórn og fjárhagsáætlunargerð enda skilar sú aðferðafræði sanngjarnari og betri nýtingu opinbers fjár.
  - Mikilvægt er að nota kynjakvóta til að stuðla að jafnrétti í stjórnunarstöðum, í stjórnámálum, við úthlutun styrkja eða á öðrum þeim sviðum þar sem kynjahalli er mikill. Fjölmíðlar eiga að draga upp raunsanna mynd af fjölbreytileika samfélagsins. Stjórnámálahreyfingum ber að leggja sitt af mörkum til að tryggja fjölbreytt sjónarmið í flokksstarfi og þar sem ráðum er ráðið og tryggja hlut kvenna á framboðslistum og í áhrifastöðum ásamt því að brjóta upp hefðbundin kynhlutverk innan stjórnómálanna.
  - Hjá grasrótar- og hagsmunasamtökum á sviði jafnréttismála liggur dýrmæt reynsla og þekking sem taka þarf mið af í allri opinberri stefnumörkun, mótun þjónustu og rekstri hins opinbera.
  - Brýnt er að fram fari jafnréttismat á öllum nýjum verkefnum, breytingum á verkefnum eða niðurskurði á vettvangi hins opinbera. Enn fremur er brýnt að gerðar verði jafnréttisúttektir með reglulegu millibili eða eftir því sem tilefni gefst til.
  - Stjórnvaldsstofnanir sem hafa jafnréttismál með höndum eiga að hafa nauðsynlegar valdheimildir, mannafla og fjármagn til að sinna hlutverki sínu.
  - Á sviði menningar og íþróttar er brýnt að tryggja jöfn tækifæri til afreka, þátttöku og áhrifa, að fjölbreytileiki samfélagsins sé sýnilegur og að fjármagn í málaflokkunum sé úthlutað með sanngjörnum hætti. Skilyrða ætti megi styrki til menningar- og íþróttastarfs til að tryggja að þeim markmiðum sé náð.

## Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd

- hópstjórar Álfheiður Ingadóttir og Bjarki Þór Grönfeldt

736  
737

### 738 **Lýðræðislegt samfélag**

739 Öll eiga að hafa tækifæri til að móta samfélag sitt óháð fjárráðum, heilsu, menntun eða  
740 stöðu að öðru leyti. Svigrúm til þátttöku í lýðræðislegum verkefnum ásamt aðgengi að  
741 traustum og gagnreyndum upplýsingum, staðreyndum og samhengi þeirra, er hverri  
742 manneskju mikilvægt. Sérstaklega þarf að huga að valdeflingu minnihluta- og jaðarhópa.  
743 Það á að standa vörð um almannahagsmuni gegn sérhagsmunum og vinna gegn spillingu.  
744 Ljúka þarf heildstæðri endurskoðun stjórnarskrárinnar.

745 Kjölfesta Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs er þátttaka almennra félaga hennar um  
746 land allt, í starfi, stefnumótun og ákvörðunum. Starfið einkennist af opnum samræðum í  
747 raunheimum og netheimum þar sem félagar koma saman, móta hugmyndir, leysa úr  
748 álitamálum og koma stefnu hreyfingarinnar á framfæri og í framkvæmd. [Raddir allra hópa](#)  
749 [samfélagsins þurfa að eiga sæti við borðið þegar mikilvægar ákvarðanir eru teknar. Því vill](#)  
750 [hreyfingin að ungu fólki, kynslóðunum sem erfa munu samfélagið, sé ávallt tryggð aðkoma](#)  
751 [að umræðum og ákvarðanatöku innan hreyfingarinnar.](#)

752 Ávallt skal leitast við að ná samhljóða niðurstöðu í ákvarðanatöku og taka skal sérstakt mið af  
753 hagsmunum jaðar- og minnihlutahópa með valdeflingu þeirra að markmiði.

754 Fulltrúar hreyfingarinnar framfylgja stefnu hennar og ákvörðunum og haga störfum sínum í  
755 samræmi við þær.

### 756 **Stjórnkerfi og fjölmiðlar**

- 757 • Aðgangur að traustum upplýsingum er forsenda upplýstrar umræðu. Mikilvægt er að  
758 efla miðla- og upplýsingalæsi, sporna gegn upplýsingaóreiðu og tryggja að miðlað sé á  
759 aðgengilegan hátt til allra samfélagshópa.
- 760 • Gagnsæi, opin stjórnsýsla og faglegar ráðningar skulu ávallt viðhöfð hjá stjórnvöldum.
- 761 • Tryggja skal opinber og fyrirsjáanleg framlög til stjórnmalahreyfinga.
- 762 • Lögbinda skal hámarks hlutfall framlaga lögaðila af heildarframlögum til  
763 stjórnmalaflokka.
- 764 • Fjölga þarf tækifærum almennings til þess að taka ákvarðanir í þágu samfélagsins alls  
765 og skapa vettvang fyrir rökræður, samráð og sameiginlega ákvarðanatöku, meðal  
766 annars með aðferðafræði slembivals.
- 767 • Almennigur á að geta lagt fram tillögur til Alþingis og sveitarstjórna sem taka skal til  
768 umfjöllunar. Miða má við að 2% kosningabærra geti sett mál á dagskrá.
- 769 • Tryggja skal lýðræðislega þátttöku nemenda í skólastarfi þar sem þau læra  
770 lýðræðisleg vinnubrögð og eru upplýst um réttindi sín og skyldur. [Efla skal starfsemi](#)  
771 [ungmennaráða sveitarfélaga.](#)
- 772 • Kosningaaldurinn skal lækkaður í 16 ár.
- 773 • Framfylgja þarf betur ákvæðum upplýsingalaga og auka aðgang fólks með  
774 aðgengilegum hætti að upplýsingum sem varða almannahagsmuni.

- 775 • Verja skal sjálfstæði fjölmiðla og ritstjórnarlegt frelsi. Styðja skal fjölmiðla sem sinna  
776 óháðri fréttatöflun, greinandi blaðamennsku og halda úti lýðræðislegri  
777 samfélagsumræðu.
- 778 • Uppljóstrarar eiga að hafa leiðir til að koma upplýsingum til réttra aðila án þess að  
779 óttast um sinn hag.
- 780 • Ríkisútvarpið skal áfram vera öflugur fjölmiðill í almannabágu, rekinn fyrir  
781 útvarpsgjald og sjálfsaflafé.
- 782 • Staðbundnir fjölmiðlar verði eflir og þjónusta þeirra aukin á landsvæðum þar sem  
783 engin eða takmörkuð fjölmiðlun er fyrir hendi.

#### 784 Umbætur á stjórnarskrá

- 785 • Ljúka skal heildstæðri endurskoðun stjórnarskrárinnar og breytingar á henni skulu  
786 tryggja lýðræði og mannréttindi á tímum mikilla samfélagsbreytinga.
- 787 • Mannréttindakafli stjórnarskrárinnar skal endurskoðaður með sérstöku tilliti til  
788 loftslagsvárinnar og hraðra tæknibreytinga, þ.m.t. notkun gervigreindar.
- 789 • Umhverfis- og náttúruvernd á að vera hluti af stjórnarskránni og tryggja skal rétt fólks  
790 til þeirra mikilvægu mannréttinda sem heilnæmt umhverfi er.
- 791 • Réttur fólks til frjálsrar farar um landið skal vera virtur enda hefur almannarétturinn  
792 verið í íslenskri löggjöf allt frá Jónsbók.
- 793 • Ákvæði um auðlindir í þjóðareign er grundvallaratriði við endurskoðun  
794 stjórnarskrárinnar.
- 795 • Endurskoða á kjördæmaskipan og vægi atkvæða.

#### 796 Vinnumarkaður og tækniþróun

- 797 • Styðja þarf framgang lýðræðislegra fyrirtækja og styrkja atvinnulýðræði með löggjöf.  
798 • Greiða þarf götu fyrirtækja og félaga sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni. Hægt væri  
799 að efla samvinnufélagaformið í þessu tilliti.
- 800 • Hið opinbera á að geta rekið stofnanir og félög á samfélagslegum forsendum, einnig á  
801 samkeppnismarkaði.
- 802 • Upplýsingar um raunverulega eigendur, krosseignatengsl og ársreikninga skulu vera  
803 aðgengilegar almenningi.
- 804 • Starfsfólk á að geta átt hlutdeild í stjórnnum fyrirtækja og hafa ráðgjafarétt auk  
805 upplýsingaréttar um fjárhagslega stöðu og framtíðaráform.
- 806 • Starfsfólk sem starfar hjá fyrirtækjum á að fá til sín tiltekið hlutfall ágóða eða  
807 arðgreiðslna úr þeim.
- 808 • Launafólk á að njóta virðisauka sem fæst með notkun gervigreindar og  
809 sjálfvirknilausna, til að mynda með styttri vinnutíma, hærri launum, auknu  
810 starfsöryggi, bættu vinnuumhverfi og betri kjörum.
- 811 • Tryggja þarf að gervigreind sé notuð á þann hátt að hún ýti ekki undir eða viðhaldi  
812 mismunun, að höfundar- og sæmdarréttur sé virtur í hvívetna við notkun hennar og  
813 að komið verði í veg fyrir að hún sé notuð í stafrænu kynferðisofbeldi, til valdriðslu  
814 eða til að ýta undir hatursorðræðu.

## Umhverfis- og samgöngunefnd

- hópstjórar Hólmfríður Sigþórsdóttir og Sigurður Loftur Thorlacius

815

816

817 Loftslagsvá og náttúra

818 ~~Neyðarástand hefur skapast víða vegna loftslagsbreytinga. Loftslagsvá og viðbrögð til að~~  
819 ~~stemma stigu við henni munu hafa í för með sér djúpstæðar samfélagsbreytingar. Aðgerðir~~  
820 ~~verða að vera róttækar og tryggja réttlát umskipti. Viðbrögð við loftslagsvá þurfa að~~  
821 ~~byggjast á áætlunum og fléttast inn í alla pólitíska stefnumótun. Endurreisn hagkerfisins í~~  
822 ~~framhaldi af heimsfaraldri þarf að vera græn og styðja við þróun kolefnishlutlauss~~  
823 ~~hringrásarhagkerfis.~~

824 ~~Náttúran á alltaf að njóta vafans. Innleiða skal mengunarbótaregluna í alla framleiðslu og~~  
825 ~~þjónustu þannig að þau sem menga borgi. Ný græn störf þurfa að skipa stóran sess í að~~  
826 ~~draga úr atvinnuleysi.~~

827 ~~Tryggja þarf gagnsæi og aðgengi að upplýsingum og almenningur á að hafa beina aðkomu~~  
828 ~~að ákvörðunum varðandi umhverfis- og loftslagsmál snemma í ferli ákvarðanatöku. Tryggja~~  
829 ~~þarf fjárhags- og réttarstöðu frjálsra félagasamtaka á sviði náttúru- og umhverfisverndar~~  
830 ~~og sérstaklega þarf að gera ungu fólki kleift að vera virkir þátttakendur og gerendur í~~  
831 ~~stefnumótun.~~

832 Neyðarástand hefur skapast víða vegna loftslagsbreytinga. Loftslagsvá og  
833 mótvægisáðgerðir gegn henni munu hafa í för með sér djúpstæðar samfélagsbreytingar.  
834 Aðgerðir verða að vera róttækar, tryggja þarf réttlát umskipti og styðja þarf við þróun  
835 kolefnishlutlauss hringrásarhagkerfis. Þá er mikilvægt að aðgerðir á Íslandi auki ekki á  
836 smitáhrif Íslands eða losun í öðrum heimshlutum. Viðbrögð við loftslagsvá þurfa að  
837 byggjast á fjármögnuðum áætlunum sem og eftirliti. Mikilvægt er að loftslagsmál og réttur  
838 fólks til heilnæms umhverfis fléttist inn í alla pólitíska stefnumótun. Leggja þarf áherslu á  
839 rannsóknir, upplýsingar og gagnsæja verkferla til að forðast grænþvott.

840 Auðlindir eiga að vera í þjóðareign og regluverk um umgengni og nýtingu þarf að byggja á  
841 vistkerfisnálgun og nýjustu rannsóknnum.

842 Náttúran á alltaf að njóta vafans. Innleiða skal mengunarbótaregluna í alla framleiðslu og  
843 þjónustu þannig að þau sem menga borgi. Merkja ætti vörur með vistspori þeirra og  
844 uppruna.

845 Tryggja þarf gagnsæi og aðgengi að upplýsingum og almenningur á að hafa beina aðkomu  
846 að ákvörðunum varðandi umhverfis- og loftslagsmál snemma í ferli ákvarðanatöku eins og  
847 Árórsamningurinn kveður á um. Tryggja þarf fjárhags- og réttarstöðu frjálsra  
848 félagasamtaka á sviði náttúru- og umhverfisverndar og sérstaklega þarf að gera ungu fólki  
849 kleift að vera virkir þátttakendur og gerendur í stefnumótun.

850 Mótvægi við loftslagsvá

851 Vinstrihreyfingin – grænt framboð vill að Ísland sé leiðandi í loftslagsmálum og færi fram  
852 frekari lausnir á þjóðavettvangi. Ísland getur verið í fararbroddi að koma á  
853 lágkolefnishagkerfi og ná kolefnishlutleysi. ~~Í norrænni samvinnu getur Ísland beitt sér fyrir~~

854 ~~sameiginlegu markmiði Norðurlandanna um kolefnishlutleysi, lagt aukna áherslu á vernd~~  
855 ~~líffræðilegrar fjölbreytni og náttúruverndar á norðurslóðum í þágu loftslagsmála. Leggja ætti~~  
856 ~~aukna áherslu á verndun víðerna, líffræðilegs fjölbreytileika og náttúru á norðurslóðum í~~  
857 ~~þágu loftslagsmála. Taka þarf aðlögun að loftslagsbreytingum alvarlega og gera~~  
858 ~~viðbragðsáætlanir vegna loftslagsvár.~~

- 859 • Allar loftslagsaðgerðir skulu byggja á stoðum sjálfbærni; náttúru, efnahags og  
860 samfélags þar sem réttlát umskipti eru tryggð.
- 861 • Vísindaleg þekking þarf að vera undirstaða allra aðgerða í loftslagsmálum. ~~Mikilvægt~~  
862 ~~er að stefnumótun, markmiðssetning og aðgerðir séu uppfærðar reglulega og byggist~~  
863 ~~á og mótist af þekkingu, rannsóknum og vöktun hverju sinni. Verja þarf sérstaklega~~  
864 ~~rannsóknar- og vísindastofnanir og rannsóknarstarf á vettvangi. Tryggja þarf fjármagn~~  
865 ~~til grunnrannsókna, vöktunar og eftirlits í loftslagsmálum, þ.m.t. vegna náttúruvár.~~
- 866 • Skýr, mælanleg, tímasett markmið sem og raunhæfar, framsæknar og fjármagnaðar  
867 aðgerðir eru forsenda árangurs í loftslagsmálum. Stefnumótun, markmiðssetningu og  
868 aðgerðir þarf að uppfæra samhliða vaxandi þekkingu, rannsóknum og vöktun hverju  
869 sinni.
- 870 • Reglusetning, hagrænir hvatar, loftslagsvænt skipulag, fræðsla og þátttaka í  
871 alþjóðlegu samstarfi eru lykilþættir í baráttunni gegn hamfarahlýnun. Grænar  
872 fjárfestingar og loftslagsvæn nýsköpun skipa hér stóran sess.
- 873 • ~~Ísland á að ganga lengra en núverandi skuldbindingar Evrópusambandsins kveða á~~  
874 ~~um í samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda á beinni ábyrgð Íslands árið 2030 m.v.~~  
875 ~~2005 (ESR) og lögfesta sjálfstætt markmið um a.m.k. 60% samdrátt. Tryggja þarf að~~  
876 ~~Ísland lögfesti sjálfstætt markmið um 55% samdrátt í samfélagslosun árið 2030 m.v.~~  
877 ~~2005 (ESR) og að því markmiði verði náð.~~
- 878 • Draga þarf verulega úr losun sem heyrir undir evrópska viðskiptakerfið með  
879 losunarheimildir (ETS). ~~Í þessum losunarflokki á Ísland að setja sjálfstætt markmið~~  
880 ~~sem styður markmið aðildarríkja ESB um ríflega 60% samdrátt sem m.a. nær til~~  
881 ~~stóriðju og flugsamgangna.~~
- 882 • ~~Ísland þarf einnig að horfa til losunar vegna landnotkunar í markmiði sínu um~~  
883 ~~samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og kolefnishlutleysi. Vinna þarf heildstæða,~~  
884 ~~sjálfbæra landnýtingarstefnu með aðkomu sérfræðinga og setja sérstakt markmið um~~  
885 ~~samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda sem rekja má til landnotkunar (LULUCF) eftir~~  
886 ~~því sem þekkingu á losuninni fleygir fram. Hraða þarf aðgerðum til að stöðva losun frá~~  
887 ~~framræstu votlendi og röskuðu mólendi. Með auknum styrkjum ríkis og framlögum~~  
888 ~~fyrirtækja þarf að auka endurheimt votlendis og kolefnisbindingu með skógrækt og~~  
889 ~~landgræðslu svo markmið um kolefnishlutleysi náist. Mikilvægt er að setja raunhæf og~~  
890 ~~metnaðarfull markmið um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda vegna~~  
891 ~~landnotkunar (LULUCF) og styðja við rannsóknir á því sviði. Landnotkun þarf að vera~~  
892 ~~sjálfbær og endurheimt vistkerfa með verndun líffræðilegrar fjölbreytni og upptöku~~  
893 ~~kolefnis skal að vera leiðaljós í landnýtingarstefnu Íslands.~~

- 894 • Lögbundnu markmiði Íslands um kolefnishlutleysi þarf að ná í síðasta lagi árið 2040,  
895 en flýta ef kostur er, þannig að binding umfram nettólosun hefjist eins fljótt og auðið  
896 er. Markmiðið þarf að taka mið af losun á ársgrundvelli.
- 897 • ~~Aðlögun að loftslagsbreytingum er mikilvæg.~~ Vinna þarf aðgerðaáætlun um  
898 samfélagslega aðlögun að yfirvofandi breytingum vegna hamfarahlýnunar á grunni  
899 hvítbókar og nýrrar stefnu um aðlögun.
- 900 • ~~Til að koma í veg fyrir grænþvott þarf að meta væntan árangur mótvægisáðgerða~~  
901 ~~með vísindalegum hætti af viðurkenndum aðilum áður en ráðist er í þær.~~
- 902 • ~~Kolefnisspor Íslendinga er með því stærsta sem finnst í heiminum.~~ Meta þarf og  
903 leitast við að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda vegna framleiðslu og neyslu á  
904 vörum ~~sem eiga uppruna sinn utan Íslands.~~
- 905 • Tryggja þarf gegnsæi í öllu kolefnisbókhalda.
- 906 • Styðja þarf enn frekar við nýsköpun og tæknilausnir í baráttunni við loftslagsvána, s.s.  
907 vegna kolefnisföngunar og förgunar.
- 908 • Taka þarf mið af loftslagsvá í öllu skipulagi og horfa til mun lengri tíma, s.s. vegna  
909 aukinnar flóðahættu, úrkomuákefðar og sjávarstöðuhækkunar.
- 910 • Efla þarf almenningsamgöngur ~~á landinu öllu um land allt, og~~ flýta uppbyggingu  
911 Borgarlínu og styðja enn frekar við virka ferðamáta sem lið í orkuskiptum innan lands.  
912 ~~Aukin fjarvinna og efling virkra ferðamáta, sér í lagi göngu og hjólreiða, auk~~  
913 ~~orkuskipta, eru mikilvægar aðgerðir í að ná markmiðum Íslands.~~ Slíkar aðgerðir stuðla  
914 einnig að betri meiri loftgæðum og efdri lýðheilsu.
- 915 • Banni við nýskráningu bensín- og dísilbifreiða þarf að flýta ~~til ársins 2025 líkt og~~  
916 ~~Noregur hefur gert.~~ Samhliða þessu þarf að tryggja uppbyggingu innviða fyrir  
917 umhverfisvænni bifreiðar og farartæki um allt land.
- 918 • Stefna skal að jarðefnaeldsneytisláusu Íslandi árið ~~2045.~~ 2040 og skoða möguleika á  
919 því hvort hægt sé að takmarka innflutning á jarðefnaeldsneyti þannig það markmið  
920 náist, þó þannig að réttlát umskipti séu tryggð.
- 921 • Veita þarf frekari ívilnunum ívilnanir til orkuskipta á ökutækjum, í flutningum á sjó og  
922 landi, í byggingariðnaði, landbúnaði og sjávarútvegi.
- 923 • Leggja þarf gjald á losun allra gróðurhúsalofttegunda. Kolefnisgjald þarf að hækka í  
924 áföngum markvisst til að tryggja útfösun á jarðefnaeldsneyti.
- 925 • Lögfesta þarf bann við olíuleit í íslenskri lögsögu og allri olíuvinnslu á Íslandi hið  
926 fyrsta.
- 927 • Efla þarf getu stjórnáætlunar og einstakra stofnana enn frekar til þess að takast á við  
928 loftslagsvána. ~~Taka þarf hlutverk og skipun Loftslagsráðs til endurskoðunar m.t.t.~~  
929 ~~reynslunnar.~~ Endurskilgreina ætti Loftslagsráð sem sjálfstætt sérfræðingaráð í stað  
930 hagsmunaaðilaráðs til að veita stjórnvöldum alvöru aðhald, bæði í markmiðasetningu  
931 og árangri. Meta þarf frumvörp og allar stærri áætlanir m.t.t. loftslagsáhrifa.
- 932 • Tengjum saman allar einingar stjórnkerfisins til að ná markmiðum í umhverfis- og  
933 loftslagsmálum undir hattinum Sjálfbært Ísland.

- 934 • [Sveitastjórnir landsins skulu vera leiðandi í loftslagsvænum lausnum og byggja sína](#)  
935 [ákvörðunartöku á sjálfbærni. Loftslagsvænir matseðlar hjá opinberum stofnunum](#)  
936 [skulu vera ráðandi. Upplýsingagjöf til íbúa skal ávallt vera tímanlega og upplýsandi.](#)  
937 • [Standa þarf vörð um rétt fólks til að sækja stórfyrirtæki til saka vegna mengunar,](#)  
938 [þ.m.t. vegna losunar gróðurhúsalofttegunda.](#)
- 939 • Hlusta þarf áfram á ákall ungs fólks og loftslagsverkfallanna um að leggja mun meira  
940 fjármagn í aðgerðir gegn loftslagsvánni og forða þannig komandi kynslóðum frá mun  
941 meiri kostnaði.
  - 942 • Meta þarf hver sanngjörn hlutdeild Íslendinga ætti að vera í samdrætti í losun svo  
943 markmið um 1,5°C hnattræna hlýnun náist og skoða hvernig það geti haft áhrif á  
944 markmið Íslands.

#### 945 Vernd líffræðilegrar fjölbreytni og náttúru

946 Vinstrihreyfingin – grænt framboð leggur ríka áherslu á vernd og sérstöðu íslenskrar náttúru,  
947 til lands og sjávar, og líffræðilegrar og jarðfræðilegrar fjölbreytni hennar.

- 948 • Náttúran [er friðhelg og](#) á alltaf að njóta vafans.
- 949 • [Aðgangur almennings að náttúru er lýðheilsุมál sem ber að tryggja.](#)
- 950 • [Mikilvægi þjónustu vistkerfa er ótvírætt. Efla þarf skilning á vistkerfisþjónustu og taka](#)  
951 [þarf mið af henni við alla landnýtingu.](#)
- 952 • Auka þarf vernd og endurheimt vistkerfa. ~~Klára þarf landsáætlanir í skógrækt og~~  
953 ~~landgræðslu og koma þeim í framkvæmd.~~ Leggja þarf sérstaka áherslu á vernd og  
954 endurheimt votlendis með það að markmiði að minnsta kosti ~~1530~~% af röskuðu  
955 votlendi verði endurheimt fyrir árið 2030.
- 956 • [Skapa þarf skilyrði til hagrænna hvata til endurheimtar votlendis á framræstu landi](#)  
957 [sem ekki er í notkun, hvort heldur á landi í opinberri eigu eða einkaeigu. Styrkjakerfi](#)  
958 [þarf að taka mið af því að loftslagsvænn landbúnaður verði eftirsóknarverðari](#)  
959 [valkostur. Efla þarf getu sveitarfélaga og stofnana í að vernda votlendi og hafa eftirlit](#)  
960 [með framræsingu lands.](#)
- 961 • Fjölga þarf friðuðum svæðum, þannig að þau þeki [að lágmarki](#) 30% á landi og í hafi  
962 árið 2030. [Stefna ætti að friðun helmings alls lands og hafs fyrir árið 2050.](#) Leggja þarf  
963 tillögur að Náttúruminjasrá fyrir Alþingi og friðlýsa svæði samkvæmt henni í  
964 framhaldinu.
- 965 • Stofna ber þjóðgarð á miðhálandinu sem mun stuðla að verndun víðerna,  
966 náttúrufars, jarðminja auk menningar og sögu. [Reykjanesfólkvang ætti að gera að](#)  
967 [þjóðgarði á stærra svæði á Reykjaneskaga.](#) Friðlýsa þarf hálendi Vestfjarða og  
968 umhverfi Breiðafjarðar og stofna þar þjóðgarða. [Náttúrufar á friðlýstum svæðum þarf](#)  
969 [að vakta sérstaklega.](#)
- 970 • Stjórnvöld þurfa að móta stefnu um verndarsvæði í hafi til samræmis við alþjóðleg  
971 viðmið, vinna áætlun þar að lútandi og koma henni til framkvæmda. Innleiða þarf  
972 alþjóðleg viðmið um verndun hafsvæða og vinna áfram ötullega að banni við flutningi  
973 og bruna svartolíu á Norðurslóðum.

- 974 • Ísland er paradís jarðfræðilegra undra. Stjórnvöld þurfa að efla kortlagningu  
975 jarðminja, landslags og víðerna til að koma á skipulagðri vernd verðmætustu  
976 svæðanna.
- 977 • ~~Efla þarf stjórnsýslu náttúruverndarmála með sameiningu stofnana sem fara með~~  
978 ~~verkefni náttúruverndar, fjölga heilsársstörfum og efla landvörslu. Meta þarf kosti og~~  
979 ~~galla þess að málefni landgræðslu og skógræktar tilheyri þessari sömu stofnun. Efla~~  
980 ~~þarf stjórnsýslu náttúruverndarmála enn frekar með sameiningu fleiri stofnana sem~~  
981 ~~fara með verkefni náttúruverndar við nýja Náttúruverndarstofnun, fjölga~~  
982 ~~heilsársstörfum og efla landvörslu.~~
- 983 • Tryggja skal fjármagn til rannsókna og vöktunar lykilþátta vistkerfa og tegunda til að  
984 undirbyggja vísindalega nálgun við ákvarðanatöku sem tryggi sjálfbæra nýtingu og  
985 vernd líffræðilegrar fjölbreytni. ~~Aðgengi að auðlindum og réttlát skipting hagnaðar af~~  
986 nýtingu þeirra er forgangsráði. Efla þarf rannsóknir á landhnignun og áhrifum  
987 landgræðslu og skógræktar á líffræðilega fjölbreytni sérstaklega.
- 988 • Koma skal á fót sérstöku ráði um líffræðilega fjölbreytni, Lífbreytileikaráði, sem hefur  
989 það meginhlutverk að veita stjórnvöldum aðhald og markvissa ráðgjöf um  
990 stefnumarkandi ákvarðanir um markmið Íslands sem tengjast vernd og endurheimt  
991 líffræðilegrar fjölbreytni.
- 992 • Mikilvægt er að heildarendurskoðun löggjafar um vernd, velferð og veiðar villtra fugla  
993 og villtra spendýra nái fram að ganga og stækka þarf griðasvæði ~~hvala sjávarspendýra~~  
994 í kringum landið.
- 995 • Banna ætti veiðar á hvölum og öðrum sjávarspendýrum í íslenskri lögsögu í samræmi  
996 við vilja og ákall almennings.
- 997 • Fylgja verður skýrum reglum um innflutning alls sem borið getur tegundir lífvera sem  
998 kunna að vera ágengar í íslenskri náttúru. Skilvirkt eftirlit og utanumhald þarf um alla  
999 notkun ágengra og framandi tegunda og skal notkun þeirra aðeins leyfð þar sem við á  
1000 og rask á vistkerfum þannig takmarkað. Mikilvægt er að ágengar og framandi  
1001 tegundir eða líklega ágengar tegundir séu merktar sem slíkar til upplýsingar fyrir  
1002 kaupendur.
- 1003 • Rétt er að kostnaðarmeta og smíða viðbragðsáætlun um stýringu á þeim ágengu og  
1004 framandi tegundum sem sest hafa að bæði á landi og á hafsvæðinu í kringum Ísland.
- 1005 • ~~Tryggja þarf sjálfbærni ferðaþjónustu og efla þolmarkagreiningar í þágu náttúru og~~  
1006 ~~samfélags.~~
- 1007 • Bæta þarf vatnsvernd þar sem þess er þörf og stuðla að náttúrulegu ástandi vistkerfa  
1008 ferskvatns og strandsjárvar. ~~Aðgerðaáætlun um vatnamál þarf að koma til~~  
1009 ~~frankvæmda hið fyrsta. Fylgja þarf aðgerðaáætlun um vatnamál.~~
- 1010 • Mat á umhverfisáhrifum er verkfæri sem hjálpar okkur að standa vörð um náttúruna  
1011 og umhverfið. Veita ætti Skipulagsstofnun aftur heimild með lögum til þess að hafna  
1012 frankvæmdum með of mikil umhverfisáhrif. Ráðherra skipulagsmála geti ekki snúið  
1013 þeirri ákvörðun stofnunarinnar við.

- 1014 • Mikilvægt er að nota áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða (rammaáætlun)  
1015 áfram sem stjórnþæki og halda áfram friðlýsingum á grundvelli verndarflokks  
1016 áætlunarinnar.
- 1017 • Festa verður mengunarbótaregluna betur í sessi.
- 1018 • Ísland þarf að taka virkan þátt í alþjóðasamningum, þ.m.t. samningi Sameinuðu  
1019 þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni, en jafnframt byggja á staðbundinni þekkingu í  
1020 gegnum rannsóknir á verndarstöðu og kortlagningu lífvera á Íslandi.
- 1021 • Vinstrihreyfingin – grænt framboð leggur áherslu á sjálfbæra nýtingu allra auðlinda til  
1022 að vernda líffræðilega fjölbreytni og draga úr sóun. Tryggja þarf stjórnarskrárvarða  
1023 þjóðareign á auðlindum fyrir framtíðarkynslóðir.

1024 ~~• Ísland ætti að beita sér í alþjóðasamfélaginu fyrir verndun regnskóga og annarra~~  
1025 ~~svæða sem búa yfir mikilli líffræðilegri fjölbreytni.~~

1026 **Hringrásarhagkerfið: Minni sóun og meiri verðmætasköpun**

1027 Skilvirkari nýting auðlinda dregur úr losun gróðurhúsalofttegunda, hægir á tapi líffræðilegrar  
1028 fjölbreytni og dregur úr mengun. Hringrásarhagkerfi er nauðsynlegt í þróun í átt að nýtnara  
1029 samfélagi, stuðlar að nýjum og fleiri störfum og er í samræmi við Heimsmarkmið Sameinuðu  
1030 þjóðanna.

- 1031 • Ísland skal veraverði í forystuhlutverki við að skapa lífvænlegt, heilbrigt og réttlátt  
1032 samfélag með hringrásarhagkerfi sem nýtir allar auðlindir með sjálfbærum hætti,  
1033 dregur úr myndun úrgangs, minnkar sóun, eykur endurnotkun, endurvinnslu og  
1034 dregur stórlega úr lágmarkar urðun, m.a. með banni við urðun lífræns úrgangs. Líta  
1035 þarf á úrgang sem auðlind sem fer hring eftir hring í framleiðslu og notkun.

1036 ~~• Fylgja þarf nýrri úrgangsstefnu kröftuglega úr hlaði og koma nýrri lagaskyldu um~~  
1037 ~~flokkun fyrirtækja og heimila á úrgangi og samræmingu flokkunar á landsvísu til~~  
1038 ~~framkvæmdar. Einnig er brýnt að koma á þrepaskiptu hvatakerfi til að stuðla að~~  
1039 ~~notkun umhverfisvænni umbúða sem fyrst.~~

- 1040 • Fyrirtæki bera ábyrgð á að lágmarka umhverfisáhrif sín, hvort sem um þjónustuaðila  
1041 er að ræða, framleiðendur eða innflytjendur vöru. Styðja þarf sérstaklega við  
1042 frumkvöðla og grænir hvatar ættu að beinast að fyrirtækjum sem starfa samkvæmt  
1043 sjálfbærum viðskiptalíkönum.

- 1044 • Hvetja skal alla framleiðendur til að velja umhverfisvænni og auðflokkanlegar lausnir í  
1045 umbúðum.

- 1046 • Neytendum skal gert kleift að velja lausnir sem styðja við hringrásarhagkerfið og  
1047 minna kolefnisspor ~~matvæla~~. Merkingar um vistspor skulu vera á öllum vörum,  
1048 matseðlum og koma fram í auglýsingum. Gera þarf kröfu um birtingu kolefnisspors  
1049 allra matvæla og vara í verslunum og stuðla að og hvetja til loftslagsvæns mataræðis.  
1050 Einnig skal hvetja til minni neyslu, minni sóunar ásamt því að hvetja til endurnýtingar  
1051 og lágmarkunar úrgangs.

- 1052 • Draga þarf úr plastmengun og matarsóun, huga að sjálfbærari notkun textíls,  
1053 kortleggja og bæta eftirlit með notkun hættulegra efna á Íslandi og banna notkun  
1054 efna sem ógna vistkerfum og heilsu allra lífvera.
- 1055 • ~~Ljúka þarf við gerð aðgerðaáætlunar um minnkun matarsóunar sem unnið hefur verið~~  
1056 ~~að. Markmið minnkunar skal ná til allrar virðiskeðjunnar.~~Efla þarf endurvinnslu  
1057 héraendis enn frekar, til að mynda með uppbyggingu innviða fyrir svæðisbundna  
1058 moltugerð og metanvinnslu. Draga þarf stórlega úr urðun úrgangs, t.d. með álagningu  
1059 urðunarskatts [og lagasetningu um breypaskipt hvatakerfi til að stuðla að notkun](#)  
1060 [umhverfisvænni umbúða.](#) Eftirlit með ráðstöfun úrgangs þarf að efla.
- 1061 • ~~Endurreisn í kjölfar heimsfaraldurs þarf að vera í átt að sjálfbærni. Útbúa þarf~~  
1062 ~~heildstæða aðgerðaáætlun um innleiðingu hringrásarhagkerfisins sem meðal annars~~  
1063 ~~samhæfi nýlegar áætlanir á þessu sviði. Sérstök áhersla þarf að vera á fjölgun grænna~~  
1064 ~~starfa og beitingu hvata og lata til að stuðla að innleiðingunni.~~
- 1065 • Setja þarf skýra stefnu um sjálfbærni í byggingariðnaði þannig að draga megi úr  
1066 umhverfisáhrifum hans, meðal annars með auknu hlutfalli umhverfisvottaðra  
1067 bygginga.
- 1068 • [Innleiðing vistferilsgreininga fyrir mannvirki verður farsæl með virku eftirliti hins](#)  
1069 [opinbera og þaki á vistferilslosun þeirra. Slíkt þak þarf að setja eigi síðar en 2027 og](#)  
1070 [lækka síðan í áföngum.](#)
- 1071 • [Í nýsköpun og vöruþróun þarf frekari tengingu við grænna hagkerfi og græn störf um](#)  
1072 [landið allt. Styðja þarf við hringrásarhönnun, efla sjálfbæra vöruhönnun og](#)  
1073 [viðgerðarþjónustu. Hvatar til einstaklinga og fyrirtækja af öllum stærðum skulu miða](#)  
1074 [að því að ýta undir sjálfbært samfélag.](#)
- 1075 • [Auka þarf enn frekar stuðning við sveitarfélög í fráveitumálum og umbuna þeim í](#)  
1076 [réttu hlutfalli við hreinsun mengunarefna, þ.m.t. örplasts. Auka þarf áherslu og](#)  
1077 [stuðning við blágrænar ofanvatnslausnir hjá sveitarfélögum.](#)
- 1078 • [Styrkja þarf regluverk þannig að sveitarfélög geti brugðist hratt og örugglega við](#)  
1079 [loftmengun af mannavöldum í þéttbýli svo að tryggja megi bestu loftgæði á hverjum](#)  
1080 [tíma og koma í veg fyrir að farið sé yfir viðmiðunarmörk.](#)

## 1081 Orkumál

1082 ~~Orkunýting á Íslandi á að byggja á hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar, þar sem orka~~  
1083 ~~landsins er nýtt til að byggja upp grænt og kolefnishlutlaust samfélag. Náttúran skal ávallt~~  
1084 ~~njóta vafans við orkuöflun og flutning. Orka telst til grunnþarfa í nútíma samfélagi rétt eins~~  
1085 ~~og hreint vatn, húshitun og fjarskipti. Flutningskerfi hennar á að vera hluti af~~  
1086 ~~sameiginlegum innviðum sem almenningur getur treyst á. Vinstrihreyfingin – grænt~~  
1087 ~~framboð leggur áherslu á sjálfbæra forgangsröðun þegar framleiddar orku. Greiða þarf~~  
1088 ~~tilhlýðilegt afgjald þegar auðlindir í eigu þjóðarinnar eru nýttar. Orkuöflun þarf að lúta~~  
1089 ~~lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun og lögum um umhverfismat framkvæmda og~~  
1090 ~~áætlaða.~~

1092 **Orkuauðlindir og orkuinnviðir eiga að vera í almannaeign og greiða á auðlindagjald til**  
1093 **þjóðarinnar fyrir notkun orkuauðlinda. Orkunotkun skal vera sjálfbær þar sem**  
1094 **orkuauðlindir landsins eru nýttar til að byggja upp kolefnishlutlaust samfélag. Náttúran er**  
1095 **friðhelg og skal ávallt njóta vafans, nýting á henni er undantekning frá þeirri meginreglu.**  
1096 **Orkuflutningskerfi skulu tilheyra sameiginlegum innviðum hvar afhendingaröryggi er**  
1097 **tryggt. Orkuöflun þarf að lúta lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun og lögum um**  
1098 **umhverfismat framkvæmda og áætlana.**

#### 1099 Orku til allra landsmanna

- 1100 ~~• Allir landsmenn eiga að búa við gott aðgengi að raforku, fullnægjandi~~
- 1101 ~~afhendingaröryggi og jafnan dreifingarkostnað. Styrkja þarf flutningskerfi raforku~~
- 1102 ~~þannig að allir landsmenn búi við gott aðgengi að raforku, fullnægjandi~~
- 1103 ~~afhendingaröryggi, jafnan dreifingarkostnað og jafnt aðgengi til orkuskipta.~~
- 1104 • Samræma þarf í lögum og reglugerðum skilgreiningar á afhendingaröryggi og setja
- 1105 þarf lagaákvæði um ábyrgð orkufyrirtækja til að uppfylla orkuþörf fólksins í landinu.
- 1106 • Krafa skal gerð til stórnotenda að greitt sé tilhlýðilegt verð fyrir orkuna sem og allan
- 1107 kostnað við flutning og afhendingu hennar. Eigendastefna Landsvirkjunar, sem og
- 1108 annarra orkufyrirtækja í opinberri eigu, þarf að taka mið af þessu.
- 1109 • Við verðlagningu raforku þarf að tryggja neytendavernd orkuverðs gagnvart heimilum
- 1110 og litlum og meðalstórum fyrirtækjum. Slík verðlagning á ekki að taka mið af
- 1111 hagnaðarkröfu opinberra orkufyrirtækja og annarra orkuframleiðenda.
- 1112 • Leggja verður sérstaka áherslu á að lækka raforkukostnað innlendrar
- 1113 matvælaframleiðslu, ~~sérstaklega til ylræktar, svo sem garðyrkju~~ til að auka sjálfbærni
- 1114 samfélagsins og matvælaöryggi þjóðarinnar.
- 1115 • ~~Tryggja þarf að hagur fyrirtækja sé alltaf að kaupa endurnýjanlega orku og styrkja~~
- 1116 ~~raforkuflutningskerfi.~~
- 1117 • Íslensk stjórnvöld og fyrirtæki í opinberri eigu skulu ekki stunda sölu upprunaábyggða
- 1118 til aðila innan ESB. ~~Þá þurfa þau að leggja áherslu á raunverulegt gagnsæi í~~
- 1119 ~~kolefnisbókhaldi.~~
- 1120 • ~~Ekki skal greiða götu erlendra fyrirtæja að orkuauðlindum Íslands. Orkuvinnsla í~~
- 1121 ~~almannaeigu á að fá forgang fram yfir orkuvinnslu á vegum einkafyrirtækja og draga~~
- 1122 ~~verður úr eignarhaldi erlendra fyrirtækja í orkufyrirtækjum á Íslandi.~~

#### 1123 Orkuöflun í sátt við samfélag og náttúru

- 1124 • ~~Umhverfisrannsóknir og náttúruverndarsjónarmið eiga að vera grundvöllur fyrir~~
- 1125 ~~ákvörðunum um uppbyggingu orkumannvirkja. Sjálfbærni skal höfð að leiðarljósi í~~
- 1126 ~~orkuöflun og gæta verður varúðar- og verndarsjónarmiða við hana.~~
- 1127 • ~~Gæta þarf þess að íslenskum vistkerfum sé ekki fórnað að óþörfu í nafni grænnar~~
- 1128 ~~orku. Mótvægisáðgerðir gegn loftslagsvá skulu ekki vera á kostnað náttúruverndar.~~
- 1129 • Horfa skal sérstaklega til mikilvægis óbyggðra víðerna, náttúruminja og ásýndar lands
- 1130 við ákvarðanir um uppbyggingu orkumannvirkja. Byggja þarf þær ákvarðanir á
- 1131 landupplýsingum og afla gagna fagaðila um viðmið og forsendur verndar óbyggðra

- 1132 víðerna og vistkerfa. Á svæðum þar sem miklir náttúruverndarhagsmunir eru undir  
1133 ber að friða svæðið fyrir orkuvinnslu og línulögnum.
- 1134 • ~~Taka ber viðmið um svokallaðar smávirkjanir til gagngerrar endurskoðunar og breyta~~  
1135 ~~þannig að við ákvarðanir um þær verði horft til mögulegra umhverfisáhrifa í stað~~  
1136 ~~uppsetts afis.~~ Litlar virkjanir yfir 1 MW skulu heyra undir rammaáætlun og einnig skal  
1137 taka viðmið um litlar virkjanir til gagngerrar endurskoðunar.
  - 1138 • Stórvirkjanir í þágu mengandi stóriðju samrýmast ekki sjálfbærri orkustefnu. Herða  
1139 þarf kröfur á stóriðjuver hélendis um að taka meiri ábyrgð og draga verulega úr  
1140 orkunotkun og mengun á öllum sviðum.
  - 1141 • Vinna skal gegn öllum hugmyndum varðandi orkusölu um sæstreng til annarra landa  
1142 en slíkur strengur og útflutningur á rafeldsneyti kallar á fleiri virkjanir og raskar  
1143 þannig verðmætum víðernum, náttúruminum og ógnar líffræðilegri fjölbreytni. Það  
1144 er forgangsmál að framleiðsla á raforku sé til uppbyggingar á grænu og  
1145 kolefnishlutlausu samfélagi innan lands í þágu orkuskipta. Útflutningur á raforku mun  
1146 gera grænni starfsemi á Íslandi erfitt að afla sér orku á samkeppnishæfu verði.
  - 1147 • Eigi nýjar virkjanir að ná markmiðum Íslands um full orkuskipti fyrir árið 2040 verður  
1148 að ríkja sátt um það hvernig og hvar orkunnar er aflað. Mestu skiptir að það verði  
1149 gert af varfærni gagnvart viðkvæmri náttúru landsins og í sátt við samfélagið. Kalla  
1150 þarf eftir afstöðu almennings og félagasamtaka m.t.t. náttúru- og  
1151 umhverfisverndarsjónarmiða vegna þessa.
  - 1152 • ~~Áhersla skal vera á betri~~ Hámarka skal orkunýtingu og minnka orkutap í kerfum, bæta  
1153 þarf nýtingu í virkjunum sem fyrir eru og horfa til nýrrar tækni og aðferða við  
1154 orkuöflun.
  - 1155 • ~~Styðja ætti við rannsóknir á nýjum orkulindum sem unnt er að nýta með sjálfbærum~~  
1156 ~~hætti. Auka ætti orkuvinnslu úr úrgangi. Leita þarf sjálfbærari leiða við nýtingu~~  
1157 ~~vatnsafls, efla rannsóknir á nýjum orkulindum og taka þátt í þróun og framleiðslu~~  
1158 ~~vetnis, metans og lífeldsneytis sem mögulegs orkugjafa til framtíðar að teknu tilliti til~~  
1159 ~~náttúruverndar.~~
  - 1160 • Gera skal þá ófrávikjanlegu kröfu við áætlanagerð, skipulagningu og uppbyggingu  
1161 orkumannvirkja að sveitarfélög og framkvæmdaaðilar sýni samfélagslega ábyrgð.
  - 1162 • Brýnt er að framkvæmdir skapi ekki sundrunu og togstreitu meðal heimamanna.
  - 1163 • ~~Rafmyntargróftur og önnur orkufrek starfsemi sem ekki nýtist til uppbyggingar græns~~  
1164 ~~og sjálfbærs samfélags er orkusóun sem minnka þarf í áföngum og hætta fyrir árið~~  
1165 ~~2030. Ekki má leyfa frekari rafmyntargróft eða aðra orkufreka starfsemi sem ekki~~  
1166 ~~nýtist til uppbyggingar græns og sjálfbærs samfélags enda er slík starfsemi orkusóun~~  
1167 ~~sem fasa þarf út og hætta fyrir árið 2030.~~
- 1168 **Orkuskipti**
- 1169 • Meta þarf orkuþörf landsins til framtíðar af vísindamönnum ~~aðilum~~ sem ekki hafa  
1170 hagsmuna að gæta.

- 1171 • Tryggja þarf forsendur hraðra orkuskipta á landinu með nauðsynlegu fjármagni,  
1172 skipulagningu og vísindarannsóknum.
- 1173 • Forgangsraða þarf orkunýtingu í þágu innlendra orkuskipta og flýta þarf útfösun á  
1174 jarðefnaeldsneyti svo Ísland verði óháð því eigi síðar en 2040.
- 1175 • Binda skal framleiðslu á rafeldsneyti við innanlandsmarkað til að tryggja innlend  
1176 orkuskipti.
- 1177 • Áhersla skal vera á að öll samgöngutæki í almannaeigu gangi fyrir endurnýjanlegum  
1178 orkugjöfum. ~~Fækka þarf verulega farartækjum~~ Fasa þarf út öll farartæki sem knúin eru  
1179 með hefðbundnu jarðefnaeldsneyti.
- 1180 • Taka verður upp hvatakerfi með það í huga að vinnuvélar ,stórir bílar, skip og öll  
1181 önnur farartæki og stórir bílar geti skipt yfir í hreinni orkugjafa og flýta þarf  
1182 sérstaklega rafvæðingu hafna með sérstakri gjaldtöku á skemmtiferðaskip til að mæta  
1183 þeim kostnaði. Fylgja þarf eftir reglugerð um bann við notkun svartolíu í landhelgi  
1184 Íslands.
- 1185 • Þá verður að flýta orkuskiptum í flugi. Setja þarf innanlandsflugi raunhæf tímamörk í  
1186 orkuskiptum.

#### 1187 Vindorka

- 1188 • Marka þarf stefnu hið fyrsta um nýtingu vindorku á landi og hafi í íslenskri lögsögu og  
1189 setja þarf skýrar reglur um innheimtu auðlindagjalds af vindorkuvirkjunum sem renna  
1190 á til samfélagsins alls. Skýrar reglur þurfa að gilda um vindorkuver t.d. um stærð  
1191 þeirra, efni, lit og annað eftir því hver áhrif þeirra eru á umhverfið.
- 1192 • Koma ætti í veg fyrir að erlendir aðilar fái að nýta vind til raforkuframleiðslu á Íslandi  
1193 og opinberir aðilar ættu að fá forgang fram yfir einkaaðila til að tryggja að hagnaður  
1194 af nýtingu vindorku skili sér til þjóðarinnar.
- 1195 • Vindorka skal áfram heyra undir rammaáætlun. Framkvæmdir verða að lúta lögum og  
1196 reglum um mat á umhverfisáhrifum. Aðlaga skal reglur um mat á umhverfisáhrifum  
1197 að byggingu vindorkuvera.
- 1198 • Leyfi til undirbúningsframkvæmda eða tilrauna vegna vindorkuvera skal ekki veita  
1199 fyrr en skýrar reglur um uppbyggingu þeirra liggja fyrir. Útgefin leyfi verða að kveða á  
1200 um ábyrgð á niðurrifi og förgun úrsérgenginna vindorkumannvirkjana.
- 1201 • Afleiðingar orkuöflunar með vindi þarf að rannsaka nánar á Íslandi og kynna fyrir  
1202 almenningi áður en teknar eru óafturkræfar ákvarðanir. Gera skal ríka kröfu til þess  
1203 að sýnt sé fram á hvort vindorkuver samræmist og falli að íslenskum aðstæðum,  
1204 náttúru, lífríki, víðernum, samfélagi og orkuinnviðum.
- 1205 • Vindorkuver á landi eiga aðeins heima á þegar röskuðum svæðum með tengingu við  
1206 orkuinnviði sem fyrir eru í almannaeigu.

1207

## Utanríkismálanefnd

1208  
1209

- hópstjórar Elín Björk Jónasdóttir og Jósúa Gabríel Davíðsson

### 1210 Alþjóða- og friðarmál

1211 Til að tryggja öllum íbúum jarðar mannsæmandi kjör er ljóst að deila þarf auðlindum  
1212 heimsins jafnar. Til að jafna kjör fólks þarf róttækar breytingar á því hvernig völdum og  
1213 gæðum er dreift jafnt milli ríkja sem innan þeirra, s.s. milli stétta, kynja, þjóðernishópa  
1214 o.s.frv. Kapítalismi er hvorki sjálfbær efnahagslega né umhverfislega og leiðir til  
1215 samþjöppunar valds, auðs og eigna hjá stórum alþjóðlegum fyrirtækjum sem og  
1216 stórfelldrar mismununar. Þessu fylgir heimsvaldastefna og hnattvæðing á forsendum  
1217 fjármagnsins.

1218 Ekkert er jafn skaðlegt fyrir umhverfið, velferð og heilsu fólks og hernaður. Ísland á ekki að  
1219 hafa her, hvorki innlandan né erlendan. Það á að standa utan hernaðarbandalaga og hafna  
1220 vígvæðingu á alþjóðavettvangi. Stríð og hernaður leysa engin vandamál, þótt  
1221 hernaðarsinnar haldi því fram að barist sé fyrir friði og mannréttindum. Auk þess er  
1222 vígvæðing og hernaður gegndarlaus soun auðlinda og lífa.

### 1223 Höfnum hernaði

- 1224 • Mikilvægt er að aðgerðir á alþjóðavettvangi, þar á meðal viðskiptaþvinganir, valdi  
1225 ekki þjáningu og dauða saklausra borgara. Íslensk stjórnvöld eiga að hafna  
1226 hernaðaríhlutun, beita sér fyrir alþjóðlegum samningum um frið og afvopnun sem og  
1227 að vinna gegn vopnaframleiðslu og vígbúnaði.
- 1228 • Ísland og íslenska lögsögu á að friðlýsa fyrir kjarnorku-, sýkla- og efnavopnum og  
1229 banna umferð þeirra. Ísland á að undirrita og lögfesta sáttmála Sameinuðu þjóðanna  
1230 um bann við kjarnorkuvopnum.
- 1231 • Heræfingar, sem og herskipa- og herflugvélakomur, eiga að vera óheimilar á Íslandi.

### 1232 Ísland og umheimurinn

- 1233 • Íslensk utanríkisstefna þarf að byggjast á því sjónarmiði að við kjósum alþjóðlegt  
1234 réttlæti, afvopnun og friðsamlegar lausnir deilumála. Besta leiðin til þess er að Ísland  
1235 beiti sér fyrir samvinnu smáríkja á alþjóðavettvangi á jafnréttisgrundvelli með  
1236 sjálfbærni að leiðarljósi. Utanríkisstefna Íslands á að taka mið af Heimsmarkmiðum  
1237 Sameinuðu þjóðanna.
- 1238 • Ísland á að koma fram af dirfsku á alþjóðavettvangi í baráttu fyrir kynjajafnrétti,  
1239 kvenfrelsi og réttindum hinsegin fólks í heiminum. Ísland á jafnframt að beita sér fyrir  
1240 aðgerðum gegn mansali á alþjóðavettvangi. Við eigum einnig að skipa okkur í sveit  
1241 forystuþjóða í umhverfismálum og í baráttu gegn umhverfis- og loftslagsvá á  
1242 alþjóðavettvangi.
- 1243 • Ísland á að beita sér gegn múrum og girðingum á milli þjóða og þjóðfélagshópa og  
1244 styðja sjálfstæði og sjálfsákvörðunarrétt annarra þjóða. Ísland á að beita sér fyrir því  
1245 að frjálst ríki Palestínu verði að veruleika.

- 1246 ● Ísland hafnar kynþáttahatri og kynþáttafordómum og mikilvægt er að uppræta og  
1247 hindra uppgang öfgahópa sem m.a. vinna að afnámi mannréttinda.
- 1248 ● Ísland þarf að taka skýra afstöðu með friði, réttindum frumbyggja, sjálfbærni og  
1249 náttúruvernd á norðurslóðum.
- 1250 ● Ísland hefur að mörgu leyti forréttindastöðu í alþjóðasamfélaginu og ber því að gera  
1251 það sem í valdi þess stendur til að deila auðlegð sinni með þeim sem mest þurfa á að  
1252 halda. Ísland þarf að axla ábyrgð og koma fólki í neyð til hjálpar, bæði með því að taka  
1253 vel á móti fólki á flóttu og styðja fólk í því að geta lifað með reisu annars staðar í  
1254 heiminum.
- 1255 ● Íslendingar eiga að stóruka framlag sitt til þróunarsamvinnu með jafnrétti að  
1256 leiðarljósi og leggja fátækum þjóðum lið á alþjóðavettvangi. Sameinuðu þjóðirnar  
1257 hvetja til þess að framlögin nemi 0,7% af vergum þjóðartekjum. Aðalmarkmið  
1258 þróunarverkefna á vegum Íslendinga á að vera að fólki sé gert kleift að verða  
1259 sjálfbjarga á eigin forsendum með loftslagsmál og sjálfbæra þróun að leiðarljósi.
- 1260 ● Ísland ætti að lágmarki að tvöfalda stuðning sinn við þróunarríki til aðlögunar og  
1261 aðgerða gegn loftslagsvá í samræmi við þrettánda Heimsmarkmið Sameinuðu  
1262 þjóðanna m.a. í gegnum Græna loftslagssjóðinn og Aðlögunarsjóðinn.
- 1263 ● Binda þarf enda á rangláta viðskiptahætti og arðrán stórfyrirtækja svo hin fátækari  
1264 svæði geti brauðfætt íbúa sína án þess að ganga á gæði jarðar. Síaukinn ágangur á  
1265 auðlindir jarðar og áhrif mannkynsins á loftslag hennar leiðir til fólksflóttu,  
1266 misskiptingar og umhverfisvá sem stefnir lífríki jarðarinnar, vistkerfum og  
1267 mannkyninu sjálfu í hættu. Gegn þessari þróun verður að sporna.
- 1268 ● Gæta verður þess í samningum um alþjóðasamskipti og alþjóðaviðskipti að festa ekki  
1269 í sessi þá efnahagslegu gjá sem nú blasir við milli einstakra heimshluta og hafa  
1270 mannréttindi og félagsleg réttindi í huga. Ísland á að beita sér fyrir lokun skattaskjóla.
- 1271 ● Fyrir smáríki á borð við Ísland mun alþjóðleg samvinna ætíð verða lífsnauðsyn. Efla  
1272 ber alþjóðasamtök á borð við Sameinuðu þjóðirnar og undirstofnanir þess, sem og  
1273 staðbundin bandalög á borð við Norðurlandaráð, Norðurskautsráðið og efla tengsl við  
1274 grannþjóðir á Norður-Atlantshafi. Vinstrihreyfingin – grænt framboð leggur ríka  
1275 áherslu á samstarf við önnur Evrópulönd en telur hagsmunum Íslands betur borgið  
1276 utan Evrópusambandsins en innan.

#### 1277 **Stefnumörkun til framtíðar**

- 1278 ● Setja þarf skýra stefnu í þróun gervigreindar sem gengur út frá því að gervigreind sé  
1279 ekki notuð til þvingana, mannréttindabrota og annarrar valdniðslu.
- 1280 ● Móta þarf stefnu í málefnum geimsins sem stuðli að samvinnu, sjálfbærri nýtingu og  
1281 framþróun í þágu friðar, jöfnuðar og umhverfis.
- 1282 ● Þjóðaröryggisstefna Íslands á að snúast um raunverulegar ógnir landsins. Þær eru  
1283 fyrst og fremst vegna loftslagsvá og annarra náttúruhamfara, heilbrigðisógna, auk  
1284 tölvuglæpa og annarrar glæpastarfsemi. Þjóðaröryggisstefnan á að tryggja að innviðir  
1285 Íslands standist þær ógnir sem að landinu kunna að steðja. Í því skyni þarf að tryggja

1286 að innviðir á borð við alþjóðlegar hafnir og flugvelli, fjarskipta- og orkukerfi lúti  
1287 samfélagslegri stjórn.

1288 **Vinstri hreyfingin grænt framboð leggur áherslu á að:**

- 1289 • Ísland segi sig úr NATO
- 1290 • Ísland verði friðlýst fyrir kjarnorkuvopnum og undirriti sáttmála Sameinuðu þjóðanna
- 1291 um bann við þeim
- 1292 • Heræfingar á Íslandi, sem og herskipa- og herflugvélakomur, verði óheimilar
- 1293 • Utanríkisstefna Íslands taki mið af Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og styðji
- 1294 baráttu gegn umhverfis- og loftslagsvá
- 1295 • Ísland beiti sér fyrir aðgerðum gegn mansali á alþjóðavettvangi
- 1296 • Ísland styðji sjálfstæði og sjálfsákvörðunarrétt annarra þjóða
- 1297 • Ísland hafni kynþáttahatri og kynþáttafordómum
- 1298 • Ísland taki skýra afstöðu með friði, réttindum frumbyggja, sjálfbærni og náttúruvernd
- 1299 á norðurslóðum
- 1300 • Ísland beiti sér gegn arðráni stórfyrirtækja á alþjóðavísu og fyrir lokun skattaskjóla
- 1301 • Ísland myndi sér stefnu í málefnum geimsins sem stuðli að samvinnu, sjálfbærri
- 1302 nýtingu og framþróun í þágu friðar, jöfnuðar og umhverfis